



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2015–2016





Inngangur formanns



Auður Pálsdóttir
formaður KFUM
og KFUK

Kæra félagsfólk

Enn höfum við tækifæri til að líta yfir farinn veg starfs í KFUM og KFUK á Íslandi. Allstaðar eru teikn um vöxt og grósku og ánægjulegt er að finna jákvæðni í garð sjálfsagðra mannréttinda barna að fá að vita að þau geti trúað á Guð og að Guð hefur trú á þeim.

Í þessari ársskýrslu má lesa um fjölbreytt starf félagsins fyrir ólíka hópa. Kröftugt vetrarstarf fyrir börn felur í sér reglulegur samverur, viðburði og ferðir sem stýrt er af leiðtogum sem sjálfir njóta svo leiðsagnar og þjálfunar þeirra sem eldri eru. Þá byggir fullorðinsstarfið á traustum grunni vikulegra funda, kórstarfi og viðburðum. Sumarstarfið er blómlegt og mikil hvatning felst í vaxandi áhuga og aðsókn að starfinu þar. En tilgangur alls þessa starfs í félaginu er ekki bara að skapa stemmningu heldur að hjálpa fólki að heyra hvað Guð vill með líf þeirra – að hlusta á heilagan anda og fylgja leiðsögninni sem okkur er búin í Biblíunni. Með þetta að leiðarljósi bjóðum við félagsstarf sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð einstaklingsins.

Í starfinu í KFUM og KFUK hef ég fundið hvernig blær Guðs leikur um okkur. Stundum höfum við meðbyr en á stundum höfum við vindinn í fangið. Stundum blæs ljúflega en stundum hvessir. Þá er gott að muna að markmiðin nást ekki nema fyrir kraft og anda Guðs, að það er hann sem veitir okkur allan þá styrk sem við þurfum. Að þiggja hann veitir blessun og gleði. Þetta má læra af sögunni um Jónas í hvalnum. Kjarninn í sögunni er líklega sá að Guð hafði valið verk handa Jónasi að vinna, en Jónas flýði Drottinn. Hann varð vansæll fyrir vikið. En þegar Jónas hlustaði á Guð og sinnti köllun hans veitti það honum blessun og gleði.

Þessa blessun og gleði upplifum við í starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Um það má lesa hér á næstu síðum sem sýna hve ríkulegan ávöxt Guð hefur gefið og fyrir það erum við þakklát.

*Auður Pálsdóttir
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi*

Efnisyfirlit

1.	Forysta KFUM og KFUK	6
2.	Æskulýðsstarf	10
3.	Leikjanámskeið	16
4.	Fræðslustarf	17
5.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf	19
6.	Alþjóðastarf	23
7.	Jól í skókassa	26
8.	Innlend samstarfsverkefni	27
9.	Útgáfu- og kynningarmál	29
10.	Fjármál	31

Starfsstöðvar:

Vinagarður	32
Vatnaskógur	34
Vindáshlíð	39
Ölver	42
Hólavatn	44
Kaldársel	46
KFUM og KFUK á Akureyri	48
KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum	50
KFUM og KFUK á Suðurnesjum	52

Nafnið segir hver við erum

Við í KFUM og KFUK búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists. Kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum. Aldargamalt félag þarf að gæta þess að breytast ekki í stofnun. Ekki má rugla félaginu saman við söfnuð, þrátt fyrir kristilegan grunn þess.

U


Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.



Á fyrstu starfsárunum hafði félagið aðsetur í Melsteðshúsi sem stóð við Lækjartorg í Reykjavík. Sr. Friðrik stendur lengst til vinstri á myndinni. Lengst til hægri er Charles Fermaud framkvæmdastjóri Heimssambands KFUM. Myndin er frá árinu 1902.


117 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnum kristindómi.“

Skilvirkt skipulag

KFUM og KFUK leitast stöðugt við að gera innra skipulag skilvirkara. Allir félagar eru skráðir í sama félagið, KFUM og KFUK á Íslandi, óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Starfsstöðvar eru sjálfstæðar rekstrareiningar innan félagsins sem annast sértæka starfsemi á sínu starfssvæði. Hvort viðburður eða starf heyrir undir einstaka starfsstöð eða félagið í heild byggir meira á hefðum en reglum.

Stjórnir og starfsmenn KFUM og KFUK á Íslandi starfa með stjórnnum og starfsmönnum starfsstöðva að sameiginlegum markmiðum.



1. Forysta KFUM og KFUK

Aðalfundur KFUM og KFUK á Íslandi var haldinn laugardaginn 11. apríl 2015. Fundarstjóri var Guðmundur Örn Guðmundsson og fundarritarar þau Ástríður Jónsdóttir og Guðmundur Karl Einarsson. Aðalfundurinn markaði upphaf nýs starfstímabils stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi. Í stjórninni 2015–2016 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Auður Pálsdóttir, formaður
Gísli Davíð Karlsson, varaformaður
Anna Elísa Gunnarsdóttir, ritari
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
Helgi Gíslason, vararitari
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, meðstjórnandi
Lára Halla Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Henning Emil Magnússon, meðstjórnandi

Varamenn:

Henryr Þór Gránz
Dagný Bjarnhéðinsdóttir

Stjórnarfundir

Haldnir voru 15 stjórnarfundir á starfsárinu. Sá síðasti verður 15. apríl (nr. 155).

Málefni á borði stjórnar voru margvísleg t.d.

Stefnumörkun í æskulýðsstarfinu.
Endurskoðun laga félagsins.
Farið yfir og skerpt á forgangsverkefnum ráða
Viðbrögð og verkefni tengd áskorunum vegna myglusvepps í skrifstofuhúsnæði.
Gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.
Ráðningar starfsfólks á æskulýðssvið félagsins.
Ráðning nýs fjármálastjóra.
Mótun viðmiða og reglna um heiðursveitingar.
Afmælishátíðir starfsstöðva KFUM og KFUK.
Undirbúningur og framkvæmd hátíðar- og inntökufundar KFUM og KFUK á Íslandi.
Undirbúningur vegna aðalfundar og fulltrúaráðsfundar KFUM og KFUK á Íslandi



Stjórn félagsins kosin á aðalfundi 11. apríl 2015. Henning Emil Magnússon, Sveinn Valdimarsson, Helgi Gíslason, Auður Pálsdóttir, Gísli Davíð Karlsson, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Lára Halla Sigurðardóttir og Anna Elísa Gunnarsdóttir.

Skipting í ráð á vegum KFUM og KFUK á Íslandi:

Stjórnin skiptir með sér málaflokkum með því að taka þátt í og fara fyrir ráðum á vegum félagsins.

Alþjóðaráð:

Anna Elísa Gunnarsdóttir
Sólveig Reynisdóttir
Lella Erludóttir
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
Dagrún Linda Barkardóttir
Hafþór Freyr Línal
Tinna Rós Steinsdóttir

Æskulýðsráð:

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir
Helgi Gíslason
Henning Emil Magnússon
Ástríður Jónsdóttir

Stjórnarfundir og mætingatafla:

Dagsetning	13-Apr	21-Apr	19-May	10-Jun	19-Aug	1-Sep	28-Sep	20-Oct	10-Nov	10-Dec	4-Jan	25-Jan	15-Feb	3-Mar	5-Apr
Númer stjórnarfundar	140	141	142	143	144	145	146	147	148	149	150	151	152	153	154
Anna Elísa Gunnarsdóttir	x	x	Leyfi	Leyfi	Leyfi	Leyfi	Leyfi	Leyfi	Leyfi	x	x	x	x	x	x
Auður Pálsdóttir	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir	x	x	x		x		x		x		x		x		x
Dagný Bjarnhéðinsdóttir (varamaður)	x		x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	
Gísli Davíð Karlsson	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x		x
Helgi Gíslason	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Henning Emil Magnússon	x	x	x	x		x	x	x	x		x	x		x	x
Henryr Þór Gránz (varamaður)		x	x		x	x			x	x		x	x		x
Lára Halla Sigurðardóttir		x									x			x	x
Sveinn Valdimarsson	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x

Húsráð:

Henryr Þór Gränz
Björn Þór Baldursson
Björgvin Hansson
Geirlaugur Sigurbjörnsson

Fjármálaráð:

Sveinn Valdimarsson
Björn Arnar Kárasen
Magnús Jóhannsson
Sigurður Erlingsson
Stefán Jónsson

Tengiliðir stjórnar félagsins við stjórnir starfsstöðva:

Anna Elísa Gunnarsdóttir – Vindáshlíð.
Sveinn Valdimarsson – Akureyri og Hólavatn.
Henning Emil Magnússon – Kaldársel.
Helgi Gíslason – Suðurnes.
Lára Halla Sigurðardóttir – Vatnaskógur.
Henryr Þór Gränz – Vestmannaeyjar.
Gísli Davíð Karlsson – Vinagardur.
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir – Ölver.



Fjórir nýir æskulýðsfulltrúar komu til starfa í ágúst 2015, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Guðrún Hrönn Jónsdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Arnar Ragnarsson.

Breytingar í starfsmannahópnum

Berglind Einarsdóttir sem starfaði sem þjónustufulltrúi lét af störfum í ágúst. Við starfi hennar tók Arna Auðunsdóttir.
Þorsteinn Arnórsson, lét af störfum sem fjármálastjóri í lok ársins 2015. Við starfi fjármálastjóra tók Próstur Árni Gunnarsson.

Petra Eiríksdóttir lét af störfum sem æskulýðsfulltrúi sumarið 2015. Hjördís Rós Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi fór í fæðingarorlof í september 2015. Þann 1. maí 2015 fór Jóhann Þorsteinsson af eigin ósk úr 100% starfi í 50% starf sem svæðisfulltrúi á Norðurlandi.
Vegna þessara breytinga á æskulýðssviði voru ráðin: Arnar Ragnarsson í 100% starf með megin áherslu á starfið í Reykjavík; Guðrún Hrönn Jónsdóttir í 50% starf með megin áherslu á fræðslumál; Unnur Ýr



Arna Auðunsdóttir tók til starfa þjónustufulltrúa sl. haust. Áður hafði Arna sinnt sumarafleysingum í þjónustumiðstöðinni.



Próstur Árni Gunnarsson tók við starfi fjármálastjóra KFUM og KFUK þann 1. janúar 2016.

Kristinsdóttir í 70% starf sem svæðisfulltrúi á Suðurnesjum en hún leiðir einnig sjálf deildarstarfið í Grindavík og Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir í 50% starf í Reykjavík.

Myglusveppur í skrifstofuhúsnæðinu

Í apríl 2015 greindist myglusveppur á fleiri en einum stað í skrifstofurými félagsins við Holtaveg. Myglusveppurinn greindist í kjölfar alvarlegra veikinda hjá starfsmanni. Aðstaða starfsfólks var flutt til bráðabirgða af skrifstofuhæðinni í neðra húsið (félagsheimilið). Þá var samið við verkfræðistofuna Verkís um að gera úttekt á húsinu.

Félagshúsið við Holtaveg eru tvö hús. Efra húsið, skrifstofuhúsið, var byggt á sjötta áratug síðustu aldar. Því var breytt í skrifstofur í kringum 1990. Neðra húsið, félagsheimilið, er miklu yngra og var tekið í notkun 1994. Engin merki eru um myglu í neðra húsinu.

Skýrslan frá Verkís sýndi að nauðsynlegt er að fara í viðamiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir. Það miklar að stjórn félagsins hefur ákveðið að láta meta upp á nýtt hvort hægt sé að laga húsið, eða hvort eigi að rífa það.

Mikið verk hefur verið unnið við að flokka og flytja burtu lausamuni úr efra húsinu.

Hátíðar- og inntökufundur

Á hverju ári eru nýir félagar í KFUM og KFUK boðnir velkomnir í félagið á sérstökum hátíðar- og inntökufundi sem að þessu sinni fór fram 18. febrúar 2016 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Á þessu starfsári gengu 34 nýir félagar til liðs við félagið.

Dagskrá fundarins var í senn hátíðleg og skemmtileg. Fundarstjórn var í höndum Guðmundar Karls Brynjarssonar og Kamillu Hildar Gísladóttur. Sönghópur KFUK kom fram í fyrsta sinn og Anna Rún Guðmundsdóttir, Hugrún Helgadóttir og Pamela De Sensi léku á flautur. Hugvekju flutti sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Undirleik annaðist Ingibjartur Jónsson. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins.

Vinnudagar á Holtavegi

Á starfsárinu stóð húsráðið fyrir þremur vinnudögum, Holtavegsdögum, í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þarna var dyttað að félagshúsinu, þrifið og tekið til. Fyrsti dagurinn var laugardaginn 18. apríl og var hann vel sóttur, en 35 sjálfboðaliðar lögðu sitt af mörkum. Annar var haldinn 13. júní og var fámennari. Sá þriðji var haldinn 24. október og tóku rúmlega 20 manns þátt í honum.



Á starfsárinu greindist myglusveppur í skrifstofurými félagsins á Holtavegi 28. Það var mikið verk að losa lausamuni úr því rými. Húsgögn þurfti að þrifa með sérstökum efnum. Pappíra sem ekki mátti henda þurfti að loka í einangruðum kössum. Miklu var hent, m.a. tveir stórir ruslagámar fylltir.

Þá stóð húsráð fyrir tveimur átaksverkefnum við að taka til og losa lausamuni úr skrifstofurýminu, þeim hluta hússins þar sem húsasótt ríkir vegna myglusvepps. Það var mikið verk, enda geymslur margar og nær allar fullar af gögnum og dóti sem safnast hefur upp í gegnum árin.



Við 50 ára afmæli sumarbúðanna Hólavatni, var Guðmundur Ómar Guðmundsson gerður að heiðursfélaga KFUM og KFUK á Íslandi. Hér er Auður Pálsdóttir formaður að færa Guðmundi skjal því til staðfestingar á hátíðlegri afmælishátíð á Hólavatni 20. júní 2015.

Guðmundur Ómar Guðmundsson heiðraður

Þann 20. júní 2015 var haldið upp á 50 ára afmæli sumarbúðanna á Hólavatni. Við það tilefni var Guðmundur Ómar Guðmundsson gerður að heiðursfélaga KFUM og KFUK á Íslandi. Voru honum færðar þakkir og hlýjar kveðjur frá félagsfólki fyrir störf hans og þjónandi forystu í ríki Guðs og fyrir að vera okkur hinum fyrirmynd bæði í orði og verki.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn hér á landi í Vatnaskógi 21.–23. janúar 2015. Auður Pálsdóttir og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands. Jafnframt sat Birgir Ásgeirsson Urbancic fundinn, sem stjórnarmaður hjá YMCA Europe og tengiliður við Norðurlöndin. Auður og Birgir stóðu að undirbúningi fundarins fyrir Íslands hönd. Fundurinn var sérstakur að þessu sinni þar sem samtímis fóru tveir aðrir viðburðir KFUM og KFUK fram í Vatnaskógi. Annarsvegar var hópur leiðtoga frá KFUM og KFUK á Norðurlöndunum að undirbúa leiðtogabjálfun sem fram fer á norrænu mótí KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum sumarið 2017. Hinsvegar stóð yfir ungleiðtoganámskeiðið 24 stundir. Fóru þessir þrír viðburðir mjög vel saman í Vatnaskógi þar sem hóparnir hittust m.a. í matmálistímum. Tómas sótti einnig árlegan fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu, sem haldinn var í Róm 24.–26. nóvember 2015. Var þar helst til umræðu stefnumörkun stjórnar YMCA Europe til næstu 5 ára.



Aðalfundur KFUM og KFUK sem haldinn var 11. apríl 2015 var vel sóttur. Í lok fundar stilltu fundarmenn sér upp í myndatöku.

Basar KFUK

Fyrsti formleg ársfundur verkefnisins Basar KFUK var haldinn 15. mars 2016 en áður höfðu bæði Karlakór KFUM og Jól í skókassa verið formgerð með slíkum hætti. Slík verkefni hafa ekki lög líkt og starfsstöðvagnar heldur einfaldari reglur, svokallaðar samþykktir sem unnið er eftir. Tilgangurinn er að gera verkefnið sýnilegra í allri umsjú innar félagsins og utan. Þá fengu líka allir sem áhuga hafa skýran vettvang (árlegan ársfund) til að heyra hvernig síðasti basar gekk fjárhagslega, hvernig framkvæmdin var og að koma á framfæri hugmyndum um hvernig megi gera basarinn enn betri. Á fyrsta stofnfundinum sem haldinn var í kjölfar AD-KFUK fundar var farið yfir drög að samþykktum Basars KFUK og þær síðan samþykktar. Þá voru fjórar konur kosnar í stjórn. Það eru þær Anna Elísa Gunnarsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir og María Sighvatsdóttir.

Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir Þjónustumiðstöð í félagshúsinu að Holtavegi 28 í Reykjavík. Þjónustumiðstöðin er opin alla virka daga kl. 9–17.

Starfsfólk í þjónustumiðstöðinni eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, Þröstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri, Klara V. Þórhallsdóttir sem sér um bókhald og rekstur, Arna Auðunsdóttir, þjónustufulltrúi, Arnar Ragnarsson, æskulýðsfulltrúi, Guðrún Hrönn Jónsdóttir, æskulýðsfulltrúi, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, æskulýðsfulltrúi, Jóhann Þorsteinsson, æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Norðurlandi og Unnur Ýr Kristinsdóttir, æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Suðurnesjum. Jóhann hefur starfsaðstöðu í félagshúsi KFUM og KFUK á Akureyri og Unnur Ýr í Keflavík. Þá er Gísli Stefánsson í 15% starfi en með aðsetur í Vestmannaeyjum.

Sumarstarfsmenn í Þjónustumiðstöðinni 2015 voru Anna Elísa Gunnarsdóttir og Arna Auðunsdóttir.

Í þjónustumiðstöðinni er einnig skrifstofa framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og starfsmanns Kristilegrar skólahreyfingar (KSH) sr. Sveins Alfreðssonar.



34 nýir félagar gengu til liðs við KFUM og KFUK á starfsárinu. 15 þeirra höfðu tök á að vera gestir á sérstökum Hátíðar- og inntökgundi 18. febrúar 2016.



Frá árlegum basar KFUK 28. nóvember 2015.



2. Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða ungu fólki að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þátttakenda. Í KFUM og KFUK fær ungt fólk tækifæri til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af sjálfbóðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að sjálfbóðaliðunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2015–2016

Á haustmisseri voru starfræktar 27 deildir en 26 deildir á vormisseri. Alls voru 107 leiðtogar skráðir til þátttöku í deildarstarfinu á starfsárinu en þar fyrir utan eru ýmsir gestir og eldri leiðtogar sem hafa með einum eða öðrum hætti lagt sitt af örku. Þá hefur fjöldi eldri leiðtoga aðeins dregist saman. Stór og skemmtilegur hópur ungleiðtoga hefur í vetur tekið þátt í leiðtogabjálfun og verður spennandi að sjá þau þroskast áfram til ábyrgðar í starfi félagsins.

Viðburðir og verkefni í æskulýðsstarfinu

Þátttaka í Landsmóti ÆSKP í Vestmanneyjum

Dagana 25.–26. október 2015 var Landsmót Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar (ÆSKP) haldið í Vestmanneyjum. Rúmlega 100 manns úr unglíngadeildum KFUM og KFUK sóttu mótið og komu flest frá Vestmannaeyjum, Hveragerði, Akureyri, Grindavík og Fella- og Hólakirkju. Yfirskrift mótsins var Geðveikt Landsmót og fjallaði fræðslan um geðheilbrigði barna og unglínga. Fram fór söfnun eins og undanfarin ár í samstarfi Hjálpastarf kirkjunnar og rann allur ágóði af mótinu í Polla- og Hemmasjóð Hjálpastarfsins. Á Landsmóti er margt í boði fyrir þátttakendur eins og hæfileikakeppni, fræðsla, karnival, fjölbreyttar vinnustöðvar með ólíkum þemum og svo auðvitað ball.

Hæfileikasýning yngri deilda

Einn af árlegu viðburðum yngri deildanna var hæfileikasýning KFUM og KFUK. Sýningin var haldin 4. nóvember 2015 og tókst sérstaklega vel. Stór hópur kom með rútu frá Suðurnesjum og voru um 100 börn og foreldrar sem fylltu salinn. Sýningin var haldin á Holtavegi 28. búið að skreyta húsið með blöðrum og borðum, setja upp mikinn ljósabúnað til að gera sýninguna sem glæsilegasta. Rúmlega 30 þátttakendur sýndu fjölbreytt atriði, sungin voru nokkur þekkt sumarbúðarlög og í hléi var

boðið uppá pizzu og candý-floss. Mikið glens og grín einkenndi stemmninguna og að lokum fóru þátttakendur fóru heim með bros á vör og medalíu um hálsinn. Í skipulagsnefnd fyrir þennan viðburð voru þær Sandra Björk Jónasdóttir og Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir. Gunnar Hrafn Sveinsson var kynni kvöldsins en Jónas Sturla Gíslason var tækniamaður ásamt Markúsi Bjarnasyni.

Miðnæturíþróttamót

Dagana 20.–21. nóvember 2015 var haldið miðnæturíþróttamót fyrir unglingadeildir KFUM og KFUK sem fram fór í Vatnaskógi. Á miðnæturmótið komu um 70 þátttakendur, bæði unglingar og leiðtogar sem skemmtu sér í margskonar íþróttum og leikjum, hefðbundnum og óhefðbundnum. Dagskráin fól til dæmis í sér orrustu, kappát, miðnæturævintýragöngu um skóginn og spurningakeppni, en svo var líka farið í heitu pottana, dansað, sungið og hlýtt á hugleiðingar úr Guðs orði.

Jól í skókassa

Líkt og undanfarin ár hefur verkefnið Jól í skókassa fengið góða umfjöllun innan deildastarfs KFUM og KFUK. Nokkrar deildir voru með sérstakan fund fyrir verkefnið þar sem börnin fengu kynningu á Úkraínu og verkefninu sjálfu og útbjuggu svo í kjölfarið skókassa með gjöfum til barna í Úkraínu sem búa við bág kjör. Verkefnið hefur mikið samfélagslegt gildi og gaman er að geta tekið þátt í því. Nánar má lesa um verkefnið í 7. kafla þessarar ársskýrslu.

Æskulýðsmótið Friðrik

Unglingadeildir KFUM og KFUK fjölmenntu á Æskulýðsmótið Friðrik sem haldið var í Vatnaskógi dagana 19.–21. febrúar 2016. Undirbúningur og umsjón með mótinu var í höndum sérstakrar mótsnefndar sem var skipuð þeim Samúel Erni Péturssyni, Ísak Henningsyni, Axel Orra Sigurðssyni, Ragnheiði Haraldsdóttur og Gestí Daníelssyni. Allir í mótsnefndinni höfðu sótt námskeið í viðburðastjórnun á vegum KFUM og KFUK og hluti af þeim hafði einnig skipulagt Friðriksmótið árið áður og voru því mjög vel undirbúin til að takast á við þetta spennandi verkefni. Allur undirbúningur mótsnefndarinnar var til fyrirmyndar og mótið tókst mjög vel og voru rúmlega 120 þátttakendur og leiðtogar sem tóku þátt í þessum skemmtilega viðburði. Yfirskrift mótsins var himnafjársoður en það var skírskotun í Matteusarguðspjall 6:19-21. Hópastarf, spurningakeppnin, kvöldvörður, spilastund, stuttmyndagerð, íþróttir, vinátta og að ógleymdu balli með hljómsveitinni Sálmara einkenndi mótið, en öll fræðsla og viðfangsefni voru miðuð út frá yfirskrift mótsins.

Landsþing unga fólksins í KFUM og KFUK

Að morgni 21. febrúar 2016 hittist Ungmennaráð KFUM og KFUK til að undirbúa sig fyrir Landsþing unga fólksins sem fór fram sama dag. Ungmennaráðið hafði einnig hist daginn áður til að ræða um hvað þeim fannst mikilvægt í starfi KFUM og KFUK og hvað þeim langaði



Mikið líf og fjör er jafnan í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK, bæði á vikulegum fundum og þeim viðburðum sem félagið stendur fyrir.

að hinir unglingarnir myndu fjalla um í umræðum á landsþinginu. Meginspurningarnar sem valdar voru sem umræðuefni þingsins snerust um hvað kemur á eftir unglingadeildarstarfinu, hvernig breyta megi ímynd annarra á kristilegu starfi og hvernig megi auglýsa starf KFUM og KFUK ef það má ekki í skólum. Ungmennaráðið undirbjó líka nokkra leiki til að brjóta ísinn og byrja síðan þingið á stuttri kynningu sem einnig hafði verið flutt fyrir í vikunni á ráðstefnunni Skipta raddir ungs fólks máli. Allt skipulag, undirbúningur og framkvæmd á Landþingi unga fólksins var í höndum unga fólksins okkar í KFUM og KFUK þótt æskulýðsfulltrúar væru þeim innan handar. Niðurstöður voru um margt lærdómsríkar en einkenndist af einlægri samræðu og góðum anda.

Spurningakeppnin SOS – örugg hjálpin í nauðum

Annað árið í röð var haldin spurningakeppni unglingadeilda á æskulýðsmótinu Friðrik og sendu allar deildir þriggja manna lið í keppnina. Spurningar voru fjölbreyttar og var það Ísak Már Henningsson sem hafði yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd keppinnar. Það var UD-Glerá frá Akureyri sem bar sigur úr býtum og fékk liðið afhentan bikar til varðveislu í eitt ár, eða fram að næstu keppni.

Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga, veturinn 2015–2016

YD KFUM og KFUK Digraneskirkju

Andri Lórenzson – Forstöðumaður (haustönn)
Tinna Dögg Birgisdóttir – Forstöðukona
Guðrún Katrín Steinarsdóttir (vorönn)
Ögmundur Ísak Ögmundsson (vorönn)
Þátttakendur á haustönn: 29
Þátttakendur á vorönn: 18

YD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Pétur Ragnhildarson - Forstöðumaður
Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir
Ríkharður Ólafsson
Þátttakendur á haustönn: 18
Þátttakendur á vorönn: 15

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Pétur Ragnhildarson – Forstöðumaður
Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir
Gunnar Hrafn Sveinsson
Sandra Björk Jónasdóttir
Ríkharður Ólafsson
Þátttakendur á haustönn: 45
Þátttakendur á vorönn: 30

YD KFUK Grensáskirkju

Ragnheiður Haraldsdóttir Forstöðukona
Ísak Henningsson
Gestur Daníelsson
Gunnar Kristinn Óskarsson
Samúel Örn Pétursson
Vilborg Pála Eiríksdóttir (haustönn)
Þátttakendur á haustönn: 11
Þátttakendur á vorönn: 8

UD KFUM og KFUK Grensáskirkju

Ragnheiður Haraldsdóttir Forstöðukona
Ísak Henningsson (Vorönn)
Gestur Daníelsson
Gunnar Kristinn Óskarsson (Vorönn)
Samúel Örn Pétursson (Vorönn)
Vilborg Pála Eiríksdóttir (Haustönn)
Þátttakendur Haustönn 26
Þátttakendur á vorönn: 11

YD KFUM og KFUK Grindavíkurkirkju

Unnur Ýr Kristinsdóttir - Forstöðukona
Blær Elíasson
Gná Elíasdóttir
Agnes Birtna Jóhannesdóttir
Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsdóttir
Haukur Arnórsson
Herborg Agnes Jóhannesdóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Hákon Klaus Haraldsson
Elvar Geir Sigurðsson
Ásta Sigríður Gísladóttir
Bragi Snær Einarsson
Guðbjörg Ylfa Hammer
Ólafur Þór Unnarsson
Ósk Dís Kristjánsdóttir
Kleópatra Árnadóttir
Sarah Förster
Kristinn V. Jóhannesson
Þátttakendur á haustönn: 49
Þátttakendur á vorönn: 45

UD KFUM og KFUK Grindavíkurkirkju

Unnur Ýr Kristinsdóttir – Forstöðukona
Blær Elíasson
Gná Elíasdóttir
Agnes Birtna Jóhannesdóttir
Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsdóttir
Haukur Arnórsson
Herborg Agnes Jóhannesdóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Hákon Klaus Haraldsson
Elvar Geir Sigurðsson
Ólafur Þór Unnarsson
Þátttakendur á haustönn: 45
Þátttakendur á vorönn: 38

YD KFUM og KFUK Hveragerðiskirkju

Samuel Örn Pétursson – Forstöðumaður
Vilborg Pála Eiríksdóttir
Þátttakendur á haustönn: 59
Þátttakendur á vorönn: 50

UD KFUM og KFUK Hveragerðiskirkju

Samuel Örn Pétursson – Forstöðumaður
Vilborg Pála Eiríksdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 32

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – Forstöðukona
Eva Björk Valdimarsdóttir – Forstöðukona
Björn Kristinn Jóhannsson
Þátttakendur á haustönn: 14
Þátttakendur á vorönn: 18

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður
Bergþór Örn Jensson (haust)
Jón Kristján Harðarson (haust)
Ólafur Þór Gunnarsson
Ragnar Sigurðsson (haust)
Einar Sæþór Ólason (haust)
Þátttakendur á haustönn: 14
Þátttakendur á vorönn: 2

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Elín Pálsdóttir
Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir
Birta Rún Benediktsdóttir
Helga Sveinsdóttir
Ingunn Birna Einarisdóttir
Þátttakendur á haustönn: 50
Þátttakendur á vorönn: 53

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – Forstöðukona
Ívar Karl Sveinsson
Elín Pálsdóttir
Gná Elíasdóttir
Adam Sveinsson
Agnes Sigþórsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 45
Þátttakendur á vorönn: 45

YD KFUM og KFUK í Njarðvík

Þóra Jenny Benónýsdóttir – Forstöðukona
Bryndís Sunna Guðmundsdóttir (haust)
Blær Elíasson (vor)
Eliza Liv Taylor
Guðbjörg Telma Þorvaldsdóttir
Þórunn Kolbrún Árnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 35
Þátttakendur á vorönn: 35



YD KFUK Lindakirkju

Alla Rún Rúnarsdóttir
 Agnes Björk Brynjarsdóttir
 Bríet Eva Gísladóttir
 Nanna Guðrún Sigurðardóttir
 Sólveig Rún Rúnarsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 32
 Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM Lindakirkju

Sveinn Alfreðsson Forstöðumaður (Haustönn)
 Guðni Már Harðarson – Forstöðumaður (Vorönn)
 Arnar Ragnarsson
 Jón K. Guðbergsson
 Róbert Ingi Þorsteinsson
 Þátttakendur á haustönn: 24
 Þátttakendur á vorönn: 30

UD KFUM og KFUK Lágafellskirkju

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson –
 Forstöðumaður
 Kolfinna Rut Schjetne
 Margeir Haraldsson
 Jón Árni Haraldsson
 Telma Dögg Haraldsdóttir
 Erlingur Orri Hafsteinsson
 Kristbjörg Steingrimsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 18
 Þátttakendur á vorönn: 9

Leikjafjör KFUM og KFUK í Seljakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson – Forstöðumaður
 Sandra Björk Jónasdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 55
 Þátttakendur á vorönn: 25

Leikjafjör KFUM Akureyri

Jóhann Þorsteinsson – Forstöðumaður
 Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
 Pétur Benedikt Sigurðsson
 Þátttakendur á haustönn: 16
 Þátttakendur á vorönn: 16

Leikjafjör KFUK Akureyri

Sigrún Birna Guðjónsdóttir – Forstöðukona
 Katrín Harðardóttir
 Brynhildur Bjarnadóttir
 Ragnheiður Harpa Arnardóttir
 Bára Dís Sigmarsdóttir
 Ída Hlín Steinþórsdóttir
 Sara Rut Jóhannsdóttir
 Telma Guðmundsdóttir
 Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir
 Margrét Ída Ólafsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 22
 Þátttakendur á vorönn: 22

UD-Glerá Unglingastarf Gleráarkirkju og KFUM og KFUK Akureyri

Jóhann Þorsteinsson – Forstöðumaður
 Jón Ómar Gunnarsson
 Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 25
 Þátttakendur á vorönn: 25

Klúbburinn framhaldsskólastarf KFUM og KFUK á Akureyri

Jóhann Þorsteinsson – öldungur
 Ída Hlín Steinþórsdóttir – formaður
 Telma Guðmundsdóttir – ritari
 Sara Rut Jóhannsdóttir – gjaldkeri
 Bára Dís Sigmarsdóttir – skemmtanastjóri
 Margrét Ída Ólafsdóttir – vara
 Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir – kynningarfulltrúi
 Þátttakendur á haustönn: 23
 Þátttakendur á vorönn: 23

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður
 Arna Dís Halldórsdóttir
 Ásgeir Þór Þorvaldsson
 Bára Viðarsdóttir
 Elín Elfa Magnúsdóttir
 Dagbjört Lena Sigurðardóttir
 Dána Hallgrímsdóttir
 Inga Birna Sigursteinsdóttir
 Ísak Máni Jarlsson
 Kristín Auður Stefánsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 30
 Þátttakendur á vorönn: 20

Leikjafjör KFUM og KFUK í Dalvíkurkirkju

Jóhann Þorsteinsson – Forstöðumaður
 Oddur Bjarni Þorkeilsson
 Sara Rut Jóhannsdóttir
 Telma Guðmundsdóttir
 Margrét Ída Ólafsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 35
 Þátttakendur á vorönn: 30

Leikjafjör KFUM og KFUK í Ólafsfjarðarkirkju

Jóhann Þorsteinsson – Forstöðumaður
 Sigríður Munda Jónsdóttir
 Sara Rut Jóhannsdóttir
 Telma Guðmundsdóttir
 Margrét Ída Ólafsdóttir
 Halla Karen Johnsdóttir
 Þátttakendur á haustönn: 13
 Þátttakendur á vorönn: 9

Sköpunargleði á Holtavegi

Harpa Vilborg Schram – Forstöðukona (haustönn)
 Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir – Forstöðukona (Vorönn)
 Sandra Björk Jónasdóttir (Haustönn)
 Sara Lind Sveinsdóttir (Haustönn)
 Dagrún Linda Barkardóttir (Vorönn)
 Þátttakendur á haustönn: 31
 Þátttakendur á vorönn: 9



Karnival yngri deilda

Haldið var mót með nýju sniði fyrir yngri deildir KFUM og KFUK í mars 2016 sem fékk nafni Karnival yngri deilda. Í ár tóku um 40 börn þátt í mótinu sem er svipaður fjöldi og hefur tekið þátt í Brennomóti yngri deilda KFUM og KFUK. Karnivalið var haldið í Árbæjarskóla og þar var mjög fjölbreytt dagskrá og margt í boði fyrir börnin. Öllum hópnum var skipt upp í sex minni hópa og einn leiðtogi fylgdi hverjum hóp sem fór í gegnum sex ólíkar stöðvar. Á stöðvunum fór fram dans, fótbolti, andlitsmálning, spil, bollakökuskreytingar og hópteikning, en einnig voru stuttar prautabrautir, svokallaðar minute-to-win-it, sem vekja mikla lukku. Gleði og fjör var á staðnum og nóg að gera fyrir alla. Leiðtogar stýrðu mótinu með miklum myndarskap.

Vorferðir yngri deilda

Vorferð yngri deilda var farin dagana 27.–28. mars 2015 í Vatnaskóg og var yfirskrift ferðarinnar Eins og ég er. Í ferðina komu 120 mans og skemmtu sér allir konunglega, í þessum hópi voru krakkar og leiðtogar frá Grafarholti, Keflavík, Lindakirkju, Seljakirkju, Holtavegi, Grindavík, Grensáskirkju, Digranesirkju, Hveragerði, Fella- og Hólakirkju og Njarðvík. Með þessari ferð fengu krakkarnir að kynna Vatnaskógi og sumarbúðalífina í heilan sólarhring. Tíminn var vel nýttur og meðal þess sem fór fram var ævintýraleikur um Vatnaskóg, kvöldvaka með klassísku sumarbúðaleikriti, leikjum, sprelli og hugleiðingu með Guðs orði.

Vorferð yngri deilda vorið 2016 verður dagana 8.–9. apríl í Vatnaskógi. Yfirskrift ferðarinnar er Vináttan og lítur út fyrir mjög góða þátttöku úr mörgum deildum.

Fyrir norðan var sú nýbreytni að foreldrum var boðið með í vorferðina 2015 og voru farnar tvær ferðir, feðgaferð með Leikjafjöri KFUM og mæðgnaferð með Leikjafjöri KFUK. Báðir hópar dvöldu á Hólavatni í sólarhring og var skemmtileg og fjölbreytt dagskrá í boði. Sérstaklega heppnaðist kvöldvakan vel og keppnin minute to win it þar sem skipt var í tvö lið, fullorðnir á móti börnum.

Vorferðin 2016 verður síðan með hefðbundnu sniði og fara deildirnar þá saman fram á Hólavatn.

Klúbburinn Akureyri (starf fyrir 16–20 ára ungmenni)

Á starfsárinu var framhaldsskóladeild KFUM og KFUK stofnuð á Akureyri. Það starf ber nafnið Klúbburinn og er hann fyrir aldurshópinn 16–20 ára. Krakkarnir mynda sjálf sex manna stjórn sem leiðir starfið. Fundir í Klúbbnum eru á hverju föstudagskvöldi yfir vetrarmánuðina. Klúbburinn á Akureyri er fordæmisgefandi fyrir þau tækifæri sem félagið hefur í þeim krökkum sem vaxta upp úr unglingadeildum félagsins.

Vetrariþróttahelgi á Akureyri

Klúbburinn á Akureyri stóð fyrir vetrariþróttahelgi á Akureyri 11.–13. mars 2016. Sjö ungleiðtogar af höfuðborgarsvæðinu og úr Grindavík fóru norður ásamt tveimur starfsmönnum og hittu fyrir 8 ungmenni úr Klúbbnum á Akureyri sem höfðu skipulagt dagskrá fyrir hópinn. Veðrið var slæmt og setti mark sitt á aðsókn og dagskrá. Eftir sem áður tókst helgin mjög vel og ýtti undir hugmyndir að stofna KFUM og KFUK starf fyrir 16–20 ára á fleiri stöðum.

Viðburðir leiðtoga

Skipulagssamverur leiðtoga

Í upphafi hvers misseris hittast leiðtogar og skipuleggi og undirbúi deildirnar sínar. Fyrsti fundur leiðtoga á hverju misseri kallast Kick off þar sem leiðtogar deila hugmyndum, fara yfir komandi viðburði og fá í hendurnar fræðsluefnið sem nota á. Síðastliðið haustið var þessi fundur 1. September. Leiðtogar fóru í leiki eins og bubblubolta til kynna betur en unnu síðan saman á Holtaveg 28 og skipulögðu haustið. Þann 7. janúar sl. var fyrsti fundur vormisseris þar sem leiðtogar lögðu á ráðinn yfir pizzu, tímasettu viðburði og deildu hugmyndum að dagskrá. Eftir vinnu og umræður voru tekin upp spil og kvöldið endað á léttu nótunum. Auk þessara tveggja Kick off-funda voru sambærilegir fundir bæði í ágúst og janúar með leiðtogum í Reykjanesbæ sem Unnur æskulýðsfulltrúi fór fyrir.

Leiðtogakvöld í Reykjanesbæ

Auk Kick off-fundanna í Reykjanesbæ var skipulögð sérstök leiðtogasamvera fyrir alla leiðtoga KFUM og KFUK í Reykjanesbæ þann 13. nóvember. Þegar hópurinn var kominn í Reykjanesbæ var byrjað á að fara í sund og síðan í félagsheimilið í Hátúni 36 þar sem á borð var borin pizza. Við tóku spurningaleikir eins og pub quiz sem Arnar, Adam og Blær unnu. Kvöldinu lauk svo á rólegu nótunum, lestri úr Guðs orði og bæn.

Jólasamvera leiðtoga

Í upphafi aðventunnar var leiðtogum í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK boðið í jólasamveru leiðtoga í Reykjavík og Ákureyri. Tilgangurinn er að þakka sjálfboðaliðunum dýrmæta vinnu sína og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og ríki Jesú Krists. Skapast hefur sú hefð að bjóða til kvöldverðar og hafa vandaða dagskrá en á þessar samverur koma auk leiðtoganna æskulýðsfulltrúar, stjórnarfolk og gestir sem flytja orð Guðs, tónlist eða eru með skemmtilegt efni. Þykja þessir viðburðir mikilvægir en þar er aukin samkennd og samstaða í starfinu okkar en líka er vináttu leiðtoganna styrkt.

Vorfagnaður leiðtoga 2015

Að völdum var leiðtogum æskulýðsstarfsins boðið í vorfagnað og í þetta sinn var farið á staðinn Reykjavík escape þar sem þátttakendur í litlum hópum fara inn í lokað rými og svo þurfa svo að finna vísbendingar og leysa þrautir til að komast út. Þetta var skemmtilegur viðburður og þátttaka ágæt miðað við að þetta er háannatími leiðtoga í prófum.

Námskeið og þjálfun

KFUM og KFUK leggur mikið upp úr menntun og þjálfun starfsfólks og sjálfboðaliða. Leiðtogi í æskulýðsstarfi ber mikla ábyrgð á gæðum starfsins og þátttakendum þess. Félagið skipuleggur markvissa þjálfun þar sem saman fara námskeið og þjálfun á vettvangi. Nánar má lesa um námskeið og þjálfun starfsfólks í kafla ársskýrslunnar um fræðslustarf.

Fræðsluefni í æskulýðsstarfinu

Fræðsluefni sumarþáða sumarið 2015

Á samráðsfundi vorið 2015 þar sem saman komu fulltrúar úr sumarþáðum félagsins ásamt æskulýðsfulltrúum var ákveðið að endurútgefa fræðsluefni frá því árið 2010 sem heitir Skoða þú verk Guðs og nota í sumarstarfinu sumarið 2015. Hjördís Rós Jónsdóttir, æskulýðsfulltrúi annaðist útgáfuna.

Fræðsluefni fyrir haust 2015

Fræðsluefni KFUM og KFUK fyrir haustmisseri 2015 var endurútgefið efni sem Henning Emil Magnússon samdi og var notað haustið 2009. Bylgja Dís Gunnarsdóttir útbjóg margar góðar hugmyndir sem fylgdu efninu. Fyrir endurútgáfuna bættu æskulýðsfulltrúar félagsins ýmsum hugmyndum að leikjum til að nota í æskulýðsstarfinu inn í heftið. Efnið bar yfirskriftina Sögnarnar sem Jesús sagði og fjallaði um dæmisögur Jesús Krists. Sögnarnar sem voru teknar fyrir voru meðal annars: Sáðmaðurinn, skuldugi þjónninn, týndi sauðurinn, miskunnsami Samverjinn og týndi sonurinn. Fræðsluefnið var gefið út í hefti en einnig var hægt að nálgast það á rafrænni efnisveitu KFUM og KFUK.

Fræðsluefni fyrir vor 2016

Fræðsluefni vorið 2016 var endurútgáfa efnis sem Henning Emil Magnússon samdi og var notað vorið 2008. Það efni innihélt 10 samverur en bætt var við einni samveru um bænina sem kom úr fræðsluefni KFUM og KFUK fyrir haustið 2006 og einni samveru sem tengdist páskum. Efni þeirrar samveru kom úr efni sem einnig var samið af Henning og kom út vorið 2009. Efnið bar yfirskriftina Ævi Jesú og innihélt sögur eins og Simeon og Anna, Jóhannes og Jesús, Jesú freistað, Símon Pétur, í stormi og piltur með brauð og fiska. Guðrún Hrönn Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi félagsins hafði umsjón með endurútgáfunni og las hún efnið yfir ásamt Sigurbjörtu Kristjánsdóttur sem kom með margar góðar ábendingar.



Stjórn Klúbbsins á Akureyri tekur við lyklum að félagsheimilinu Sunnuhlíð.



Um 30 þátttakendur sýndu fjölbreytt atriði á Hæfileikasýningu yngri deilda sem fram fór 4. nóvember 2015.



Unglingadeildir fjölmenntu á Æskulýðsmótið Friðrik sem haldið var í Vatnaskógi 19.–21. febrúar 2016.

3. Leikjanámskeið

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2015, í Lindakirkju í Kópavogi og í Hátúni 36 í Reykjanesbæ. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6–9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttir ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin fimm leikjanámskeið sumarið 2015. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en boðið var upp á gæslu frá kl. 8–9 og 16–17 gegn gjaldi. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Farið var t.d. í fjöruferð á Álfanesi, í Árbæjarsafn, í Nauthólsvík, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og slökkviliðið í Hafnarfirði heimsótt. Hver vika endaði síðan á hátíð á Holtavegi. Á leikjanámskeiðunum var forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir starfsmenn undir 18 ára aldri sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 114.

Leikjanámskeið Lindakirkju 2015		Fjöldi barna
1. Leikjanámskeið	10. til 12. júní	24
2. Leikjanámskeið	15. til 19. júní	25
3. Leikjanámskeið	23. til 27. júní	25
4. Leikjanámskeið	29. júní til 3. júlí	25
5. Leikjanámskeið	6. til 10. júlí	15
Samtals:		114

Eins og venja er sótti starfsfólk leikjanámskeiðanna ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf.

Eftirtaldir störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2015:
Helga Hrönn Óladóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir, Svava Sigríður Svavarsdóttir, Markús Bjarnson, Ingunn Huld Sævarsdóttir, Tómas Torfason, Berglind Ósk Einarsdóttir, Arna Auðunsdóttir, Gylfi Bragi Guðlaugsson. Frá vinnuskóla Kópavogs komu Nökkvi Freyr Halldórsson og Þórdís Hafþórsdóttir. Veikindi starfsfólks höfðu áhrif á leikjanámskeiðin í Lindakirkju og þess vegna er listi yfir starfsfólk þetta langur, þar sem nokkrir leystu af í einn dag í senn.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2015. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en boðið var upp á gæslu frá kl. 8–9 og 16–17 gegn gjaldi. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil almenn ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Starfsfólkið hélt úti virkri fésbókarsíðu á netinu svo foreldrar gátu fylgst vel með hvað var að gerast. Á leikjanámskeiðunum störfuðu tveir forstöðumenn og sex ungmenni. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 43.

Leikjanámskeið í Reykjanesbæ

1. Leikjanámskeið	8. til 12. júní
2. Leikjanámskeið	15. til 19. júní
3. Leikjanámskeið	22. til 26. júní

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2015:

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir og Ragnar Birkir Bjarkason sem voru forstöðumenn. Auk þeirra störfuðu á námskeiðunum þau Elín Pálsdóttir, Jón Kristján Harðarson, Snorri Þorsteinsson, Björn Kristinn Jóhannsson, Lovísa Kristín Þórðardóttir og Hanna Björk Sigfúsdóttir.





4. Fræðslustarf

Fræðslustarf KFUM og KFUK miðar að því að undirbúa leiðtoga félagsins til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. Fræðslustarfið byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgiöld. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir karla og konur á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK

Þjálfun leiðtoga í æskulýðsstarfi félagsins byggir á heildrænni sýn á einstaklinginn, fjölbreyttum kennsluháttum, þjálfun í samvinnu og samskiptum og eflingu sjálfsmyndar og sjálfstrausts hjá þátttakendum. Þessi heildræna nálgun er í anda grunnjilda KFUM og KFUK sem eru að hlúa að velferð einstaklinga, líkama, sál og anda.

Leiðtogaþjálfun félagsins fer fram með tvenns konar hætti. Annars vegar á svokölluðum leiðtogahegum og hins vegar á nokkrum kvöldnámskeiðum. Lögð var áhersla á að kynna félagið, markmið þess og tilgang, uppbyggingu og starfsaðferðir.

Samstarf um fræðslumál 2015–2016

KFUM og KFUK á í umfangsmiklu samstarfi um fræðslumál við Bandalag íslenskra skáta (BÍS), Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og Landsbjörgu í gegnum Æskulýðsvettvanginn (ÆV). Á starfsárinu var námskeiðið Verndum þau haldið átta sinnum, þar af eitt í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þá bauð ÆV upp á námskeið um Litla Kompás sem er handbók um mannréttindamenntun fyrir börn og sá Jóhann Þorsteinsson starfsmaður KFUM og KFUK um kennsluna á því námskeiði.

Námskeið á starfsárinu 2015–2016

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

1.–2. júní 2015

Starfsmannanámskeið sumarbúðanna vorið 2015 var haldið í Vatnaskógi dagana 1.–2. júní. Skipulögð voru bæði erindi og verklegar æfingar sem snerta sumarbúðastarfið. Fyrirferðamest var fræðsla í skyndihjálpi og brunavörnum en sá hluti námskeiðsins var í höndum þeirra Jóns Péturssonar og Kristjáns Sigfússonar. Þá var vandlega fjallað um ábyrgð og skyldur starfsfólks, hreinlæti, hvernig bregðast má við heimþrá, verkferla í barnaverndarmálum, húmor í starfi með börnum, öryggismál og síðast en ekki síst um það hver við erum í KFUM og KFUK og hvað við boðum í starfi okkar með börnum og unglingum. Starfsmannanámskeið sumarbúðanna er mikilvægur þáttur í viðleitni félagsins til að tryggja gæði starfsins og stuðla að auknu öryggi og vellíðan þeirra barna sem taka þátt í sumarstarfi félagsins. Umsjón með námskeiðinu höfðu Ársæll Aðalbergsson, Hjördis Rós Jónsdóttir, Jóhann Þorsteinsson og Arnar Ragnarsson.



24 stundir er leiðtoganámskeið ætlað 15–17 ára ungmennum. Hér má sjá hluta þeirra að störfum.



Öryggismál skipta miklu máli þegar starfað er með börnum og unglingum. Hér er skynðihjálp æfð á starfsmannanámskeiði sumarbúðanna.

Global Leadership Summit

6.–7. nóvember 2015

Global Leadership Summit (GLS) er alþjóðleg ráðstefna sem haldin er í Bandaríkjunum árleg í ágúst mánuði og eru fyrirlestrarnir teknir upp og sýndir víða um veröld um haustið. Markmið ráðstefnunnar er að veita leiðtogum í kristilegu starfi innblástur og nýjar hugmyndir til uppbyggingar og vaxtar. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Háskólabíói og flestir starfsmenn KFUM og KFUK á Íslandi ásamt nokkrum stjórnarmönnum tóku þátt.

24 STUNDIR – leiðtoganámskeið

16.–17. október 2015

Fyrri leiðtoganámskeiðið 24 STUNDIR fór fram í Vindáshlíð og voru leiðbeinendur Arnar Ragnarsson, Guðrún Hrönn Jónsdóttir, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Jóhann Þorsteinsson og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Rétt um 40 leiðtogar á aldrinum 15–17 ára úr deildastarfi KFUM og KFUK og aðstoðarforingjar úr sumarbúðunum sóttu námskeiðið sem tókst mjög vel. Sumir þátttakendur voru að koma á sitt fyrsta leiðtoganámskeið á meðan aðrir höfðu sótt slík námskeið um nokkurra ára skeið. Var sumum fræðslusamverum skipt upp í yngri og eldri hópa. Yngri hópurinn fékk fræðslu um fyrirmyndarleiðtogann, það að vera virkur hópstjórnandi og um félagið KFUM og KFUK, hvað það stendur fyrir og hvað er boðað í félaginu. Eldri hópurinn var fræddur um sjálfstraust og það að stíga út fyrir þægindarammann. Í þeim samverum var komið inn það að þau læra mest á því að ögra sér og gera eitthvað sem er krefjandi. Á föstudagskvöldinu fór allur hópurinn saman í flóttamannaleik sem hafði

það að markmiði að vekja þátttakendur til umhugsunar um aðstæður flóttafólks og hælisleitenda. Hljómsveitin Sálmarí kom seinna um kvöldið og sá um tónlist á sameiginlegri helgistund. Á laugardegnum var biblíulestur fyrir allan hópinn um hvað fagnaðarerindið er og seinna um daginn var dagskráin brotin upp með skemmtilegum leik; mission impossible.

24 STUNDIR – leiðtoganámskeið

22.-23. janúar 2015

Seinna leiðtoganámskeiðið 24 STUNDIR fór fram í Vatnaskógi á sama tíma og norræni formanna- og framkvæmdstjórnarfundurinn og undirbúningur norrænu leiðtogaþjálfunarinnar sem fram fer í Vestmannaeyjum sumari 2017. Leiðbeinendur á 24 STUNDUM voru Arnar Ragnarsson, Gísli Stefánsson, Guðrún Hrönn Jónsdóttir, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Rúmlega 40 leiðtogar úr deildastarfi KFUM og KFUK auk ungmenna sem höfðu starfað sem aðstoðarforingjar í sumarbúðunum sóttu námskeiðið, en að þessu sinni var námskeiðið einnig opið leiðtogum 18 ára og eldri. Á föstudagskvöldinu horfðu allir þátttakendur saman á kvikmyndina Facing the Giants og Arnar Ragnarsson fjallaði síðan um boðskap myndarinnar og tengingar við kristna trú í öðrum kvikmyndum. Kvöldinu lauk með helgistund þar sem Gísli Stefánsson sá um tónlist og hugleiðingu ásamt þátttakendum á námskeiðinu. Á laugardagsmorgninum var þrískipt dagskrá þar sem yngri hóparnir tveir skiptust á að taka þátt í biblíulestri eða smíðju. Viðfangsefni smíðunnar var hvernig megi virkja þátttakendur í undirbúningi viðburða yngri deilda félagsins, en lítið er á þátttöku í viðburðum yngri deildanna sem þátt í leiðtogafræðslu félagsins. Elsti hópurinn skiptist á hugmyndum um hvernig væri best að semja og flytja góðar hugleiðingar og í lokin hélt Arnar Ragnarsson æskulýðsfulltrúi erindi um sjálfstraust. Dagskráin eftir hádegi samanstóð af ýmsum fjölbreyttum verkefnum sem þátttakendur í norrænu leiðtogaþjálfuninni sáu um.

Viðburðastjórnunarnámskeið KFUM og KFUK

Í október var haldið viðburðastjórnunarnámskeið með svipuðu sniði og árið áður. Þessi námskeið voru styrkt af Æskulýðssjóði ríkisins. Námskeiðið var í boði fyrir ungmenntu á aldrinum 18–25 ára og kenna og þjálfar þátttakendur í hvernig stýra eigi viðburðum með markvissum og árangursríkum hætti. Umsjón með námskeiðinu hafði Guðrún Hrönn Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi en með henni unnu Þorsteinn Arnórsson, fjármálastjóri KFUM og KFUK, Björg Magnúsdóttir, fréttamaður hjá RÚV og Bára Sigurjónsdóttir, lögfræðingur. Á námskeiðinu var farið yfir helstu þætti viðburðarstjórnunar, fjárhagsáætlunargerð og styrkumsóknir, hvernig standa eigi að kynningarmálum og samskiptum við fjölmiðla. Eftir kynningu á þessum þáttum fengu þátttakendur að spreyta sig á raunverulegu verkefni. Skipt var upp í tvo hópa, annar hópurinn skipuleggur viðburð sem verður í lok sumars 2016 en hinn hópurinn skipulagði Æskulýðsmótið Friðrik, sameiginlegt mót allra unglingadeilda KFUM og KFUK. Í mótsnefnd voru ungmenntu sem höfðu verið á námskeiðinu veturinn áður ásamt þeim sem voru að taka þátt í námskeiðinu í fyrsta sinn. Þetta var glæsilegur hópur þar sem kom saman reynsla og nýjar og ferskar hugmyndir. Mótsnefndin sá alfarið um undirbúning mótsins, kynningu þess, mótun dagskrár og annað sem sinna þurfti til að vel tækist til. Mótsnefndin stýrði svo mótinu með sóma og sá til þess að um 120 þátttakendur og leiðtogar fóru glaðir heim eftir frábæra upplifun í Vatnaskógi. Nánar má lesa um Æskulýðsmótið Friðrik í kaflanum um æskulýðsstarf.



5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvislegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir þar sem allir aldurshópar njóta sín.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglunga á sumrin en að hausti og vori er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna. Á liðnu starfsári voru haldnir feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, Heilsudagar karla og kvennaflokkur auk fjölskylduhátíðarinnar Sæludaga í Vatnaskógi. Fjölskyldutilboð sumarbúðanna fóru fram í Vatnaskógi, Vindáshlíð og Ölveri. Hér fyrir neðan má sjá þátttökutölur:

Feðgaflokkur Vatnaskógi	87
Fjölskylduflokkar Vatnaskógi	73
Heilsudagar karla Vatnaskógi	54
Mæðgnaflokkur Vindáshlíð	90
Kvennaflokkur Vindáshlíð	30
Krílaflokkur Ölveri	32
Sæludagar Vatnaskógi	1.000

Sæludagar í Vatnaskógi

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímalausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2015. Um 1.000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum. Af stökum viðburðum í starfi KFUM og KFUK teljast Sæludagar í Vatnaskógi til þeirra umfangsmestu. Nánar er fjallað um Sæludaga í kaflanum um starfið í Vatnaskógi.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Fullorðinsstarf í Reykjavík

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum og form þeirra er nokkuð fastmótað. Umfjöllunarefni fundanna er þó fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir sem upplýsa og fræða félagana um áhugaverð málefni.

Aðaldeild KFUK heldur fundi á þriðjudögum. Dagskráin í vetur hófst með árlegri ferð í Vindáshlíð. Nokkrir fundir hafa verið sameiginlegir með AD KFUM. Í vetur hafa að meðaltali 20–25 konur sótt fundina. Skipulag fundanna hefur verið í höndum Kristínar Sverrisdóttur, Gyðu Karlsdóttur, Hildar Þóru Hallbjörnsdóttur.



Helgarsamverur með börnum og foreldrum þeirra eru vinsælar í sumarbúðum félagsins. Þessi mynd er tekin í feðgaflokki í Vatnaskógi.

Aðaldeild KFUM heldur fundi á fimmtudögum. Á bilinu 40–60 karlar sækja fundina. Skipulag fundanna hefur verið í höndum Árna Sigurðssonar, Ársæls Aðalbergssonar, Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar, Inga Boga Bogasonar, Ólafi Sverrissonar og Þórarins Björnssonar.

Fullorðinsstarf á Akureyri

Hjá KFUM og KFUK á Akureyri voru haldnar nokkrar samkomur á árinu, til dæmis í samstarfi við kristniboðsfélagið, árleg aðventusamkoma og sérstakt konukvöld á konudeginum. Samverurnar voru allar haldnar í félagshúsi KFUM og KFUK í Sunnuhlíð 12 á Akureyri og auglýstar í helstu miðlum félagsins ásamt því að vera í Sjónvarpsdagskránni sem borin er í hvert hús á Akureyri í viku hverri. Frá áramótum hafa mánaðarlegar bænastundir verið haldnar í Sunnuhlíðinni fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 17:00 og þangað eru allir velkomnir.

Basar KFUK

Hinn glæsilegi basar KFUK var haldinn á Holtavegi 28 laugardaginn 28. nóvember 2015, en hann hefur verið haldinn nánast árlega frá árinu 1909. Á boðstólum var einstaklega fallegt og vandað handverk, heimabakaðar gómsætar kökur og sultur ásamt ýmsu öðru góðgæti. Nýbakaðar vöflur, kaffi og kakó var selt og stöldruðu margir við og nutu þess að spjalla við vini og kunningja. Basarinn er afar mikilvæg fjárflokkur fyrir félagið og ómetanleg sú vinna sem KFUK konur inna af hendi við undirbúning hans.

Um sjötíu sjálfbóðaliðar komu að framkvæmd basarsins þetta árið sem við viljum skila sérstöku þakklæti til. Alls kom um 1,3 milljónir króna inn vegna sölu á basarum og kaffisölu og rennur allur ágóði til starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Um 10% af ágóða basarsins rennur í sérstakan Kærleikssjóð félagsins. Í basarnefnd voru Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir (formaður), María Sighvatsdóttir, Betsy Halldórsson, Kristín Sverrisdóttir, Gunnlaug Sverrisdóttir, Hanna Sigríður Jósafatsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir og Berglind Ósk Einarsdóttir.

Eins og áður hefur komið fram var Basar KFUK skilgreindur sem formlegt verkefni innan KFUM og KFUK þann 15. mars síðastliðinn. Þá voru afgreiddar samþykktir verkefnisins og kosin stjórn sem leiðir hóp sjálfbóðaliðana sem undirbúa og koma að framkvæmd basarsins. Í stjórninni eru Anna Elisa Gunnarsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir og María Sighvatsdóttir.

Ljósbrott, sönghópur KFUK

Á starfsárinu var stofnaður sönghópur KFUK sem fengið hefur nafnið Ljósbrott. Dagný Bjarnhéðinsdóttir ýtti verkefninu úr vör, en Ragnhildur Ásgeirsdóttir stjórnar hópnum. Um 12–16 konur mæta á æfingar einu sinni í viku. Sönghópurinn kom fram í fyrsta sinn á Hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK þann 18. febrúar 2016.



Sr. Friðrikshlaupið var haldið í annað sinn 25. maí 2015. Hlaupurum fjölgaði um 50% frá árinu á undan.

Sr. Friðrikshlaupið

Mánudaginn 25. maí 2015 var sr. Friðrikshlaupið haldið í annað sinn. Hlaupið er haldið á þessum degi í tilefni af fæðingardegi séra Friðriks Friðrikssonar, stofnanda félagsins, sem fæddist 1868. Hlaupaleiðin er frá félagshúsinu á Holtavegi 28 í Reykjavík og er fimm kílómetra löng með tímatöku. Í ár voru 104 hlauparar á öllum aldri skráðir til leiks, en það er 50% aukning frá árinu á undan. Í ár var notast við svokallaðar flögumælingar sem eru mun nákvæmari. Glæsileg verðlaun voru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin í karla- og kvennaflokki óháð aldri ásamt yfir tuttugu flottum útdráttarverðlaunum. Viðburðurinn var auglýstur á helstu miðlum félagsins ásamt því að vera auglýstur á almennum hlaupasíðum. Vel yfir þrjátíu sjálfboðaliðar komu að hlaupinu sem við viljum skila sérstöku þakklæti til. Stefnt er að því að sr. Friðrikshlaupið verði árlegur viðburður. Í nefnd sátu Berglind Ósk Einarsdóttir, Anna Elisa Gunnarsdóttir, Arna Auðunsdóttir, Jessica Leigh Andrésdóttir og Bára Sigurjónsdóttir.

Bænasamverur í Friðrikskapellu

Bænasamverur voru haldnar á mánuðögum yfir vetrartímann í hádeginu í Friðrikskapellu við Hlíðarenda í Reykjavík. Hver stund felur í sér altarisgöngu og bænasund og er í umsjá presta höfuðborgarsvæðisins. Friðrikskapella er í eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, íþróttafélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Kapellan var vígð 25. maí 1993 og er minnisvarði um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK. Stjórn Friðrikskapellu skipuðu þau Kári



Sönghópurinn Ljósbrót var stofnaður á árinu og kom í fyrsta sinn fram á Hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK, 18 febrúar 2016.



Góður hópur tók þátt í vorferð aðaldeilda KFUM og KFUK sem farin var á Eyrbakka í lok apríl 2015.



Starfsyfirlit Karlakórs KFUM

Aðalfundur Karlakórs KFUM var haldinn 30. mars 2015. Eftir hann er stjórn kórsins þannig skipuð: Ragnar Baldursson formaður, Pétur Ásgeirsson gjaldkeri og Gunnar E. Finnbogason ritari. Ólafur Jóhannsson hætti sem ritari og er honum þökkun góð störf fyrir kórinn.

Að venju söng kórinn á fjáröflunarsamkomu Skógarmanna KFUM að kvöldi sumardagsins fyrsta, 23. apríl. Þar söng kórinn með Jóhanni Helgasyni lög af nýjum disk með lögum við texta sr. Friðriks Friðrikssonar. Vortónleikar voru á Holtavegi að kvöldi 30. apríl og var aðsókn mjög góð. Þá tók kórinn þátt í messu 8. mars í Fella- og Hóla kirkju og 22. mars í Grensáskirkju. Auk þess söng kórinn við nokkrar jarðafarir. Starfsárinu lauk með hópferð 25. maí, annan í hvítasunnu á fæðingardagi sr. Friðriks. Farin var ferð á Suðurnesin og sr. Sigurður Grétar Sigurðsson sóknarprestur í Útskálaprestakalli heimsóttur. Kirkjur í nágrenninu voru skoðaðar og kvöldverður snæddur í Sandgerði. Starfssöðvar KFUM og KFUK í Keflavík voru heimsóttar og tóku Sveinn Valdimarsson og kona hans á móti hópnum og röktu sögu starfsins í Keflavík. Endað var með samveru á staðnum.

Að loknu sumarhléi hófust æfingar aftur 14. september. Auk vikulegra æfinga á mánudagskvöldum fór kórinn í æfingabúðir í Vatnaskóg 30.–31. október og æfði þá sérstaklega fyrir jólatónleikana sem haldnir voru 15. desember að Holtavegi 28. Tónleikarnir tókust mjög vel og voru vel sóttir. Ákveðið var að taka þá upp að frumkvæði Þorvaldar Sigurðssonar.

Kórinn söng á aðventukvöldi KFUM og KFUK 8. desember og 17. október söng kórinn á tónleikum í Filadelfíu á vegum HÍB. Tveir kórfélagar hafa fallið frá, Gunnar Bjarnason í september 2014 og Ásgeir Markús Jónsson í janúar 2015. Blessuð sé minning þeirra.

Kórfélagar eru nú 36, allir hæstánægðir með störf Laufeyjar G. Geirlaugsdóttur stjórnanda og Ástu Haraldsdóttur meðleikara. Þeim eru þökkun vel unnin störf og eiga þær stóran þátt í öflugu kórstarfi sem kórfélagar vilja efla enn frekar.



Hinn glæsilegi basar KFUK var haldinn á Holtavegi 28 laugardaginn 28. nóvember 2015, en hann hefur verið haldinn nánast árlega frá árinu 1909.

Geirlaugsson, Birgir Borgþórsson, Elías Hergeirsson og séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Hátíðar- og inntökufundur

Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK fór fram 18. febrúar 2015 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Dagskrá fundarins var í senn hátíðleg og skemmtileg. Fundarstjórn var í höndum Guðmundar Karls Brynjarssonar og Kamillu Hildar Gísladóttur. Sönghópur KFUK kom fram í fyrsta sinn. Anna Rún Guðmundsdóttir, Huguína Helgadóttir og Pamela De Sensi léku á flautur. Hugvekju flutti sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Undirleik annaðist Ingibjartur Jónsson. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins.

Þá gengu 34 nýir félagar til liðs við félagið á þessu starfsári.

Pakklæti til sjálfbóðaliða

Ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK er samþætt vinna sjálfbóðaliða og starfsmanna KFUM og KFUK á Íslandi. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarn og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.

6. Alþjóðastarf

Alþjóðastarf er stór hluti af starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Samtals 29 fulltrúar félagsins tóku þátt í ráðstefnum, námskeiðum eða verkefnum sem tengdust alþjóðastarfi KFUM og KFUK, að þátttakendum í Jól í skókassa frátöldum. Atburðirnir voru í langflestum tilfellum fjármagnaðir með utanaðkomandi styrkjum eða eigin framlagi þátttakenda. Einstaka ferðir í ár voru styrktar af KFUM og KFUK á Íslandi, þá sem hluti af leiðtogabjálfun og eflingu æskulýðsstarfsins samkvæmt fjárhagsáætlun.

Alþjóðaráð nýtir samfélagsmiðla fyrir alþjóðlegt starf félagsins, en ráðið heldur utan um Facebook-síðu og blogg. Á Facebook-síðunni eru tilboð og atburðir auglýstir, ásamt því að þar eru settar inn fréttir sem tengjast starfinu. Bloggsíða alþjóðastarfsins hefur haldið áfram að vaxa og dafna og hefur nú verið starfrækt í á þriðja ár. Þar birtast reglulega frásagnir frá félagsfólki sem voru þátttakendur á námskeiðum og öðrum atburðum erlendis.

Alþjóðaráð KFUM og KFUK hefur umsjón með alþjóðastarfi félagsins. Sem fyrr er alþjóðaráð skipað af stjórn félagsins og á hún þar einn fulltrúa. Á þessu starfsári urðu þónokkrar breytingar innan ráðsins. Þau Birgir U. Ásgeirsson og Hildur Björg Gunnarsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu og þakkar KFUM og KFUK á Íslandi þeim fyrir vel unnin störf í þágu alþjóðastarfs félagsins. Í þeirra stað komu þrír einstaklingar inn í ráðið. Starfsárið 2015-2016 sátu því eftirfarandi einstaklingar í alþjóðaráði: Anna Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi og formaður, Dagrún Linda Barkardóttir, Hafþór Freyr Línal, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Jóhanna Sesselja Erludóttir, Sólveig Reynisdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir. Haldnir hafa verið átta fundir á tímabilinu.

Norrænt samstarf

KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í samstarfi við norræn systurfélög sín.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórnarfundur

Dagana 21.–24. janúar 2016 var haldinn árlegur samstarfsfundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum í Vatnaskógi. Fundurinn gaf formönnum og framkvæmdarstjórnunum tækifæri til að kynna og læra hver af öðrum. Ræddar voru áskoranir og tækifæri í daglegu starfi félaganna en svo var sjónum sérstaklega beint að



Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn hér á landi í Vatnaskógi 21.–23. janúar 2015. Samhliða var hópur æskulýðsleiðtoga frá KFUM og KFUK á Norðurlöndunum að undirbúa leiðtogabjálfun sem fram fer á norrænu móti KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum sumarið 2017.



Ungmennaráð KFUM í Evrópu, YES, stuðlar að valdeflingu ungs fólks innan KFUM í Evrópu með leiðtogaþjálfun og fleiru. Tinna Rós Steinsdóttir situr í stjórn YES, sem skipuleggur á hverju ári námskeið sem haldið er í tengslum við aðalfund KFUM í Evrópu

leiðtogaþjálfun innan hvers félags, samstarfi félaganna og sameiginlegum viðburð. Fundurinn var vel heppnaður og nutu þátttakendur bæði samfélagsins og aðbúnaðarins í Vatnaskógi. Auður Pálsdóttir, Tómas Torfason og Birgir U. Ásgeirsson skipulögðu fundinn og sátu hann fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi.

Norrænt mót

Til stóð að halda norrænt mót æskulýðsdeilda KFUM og KFUK á Íslandi sumarið 2016. Vegna samskonar móts á vegum KFUM og KFUK í Danmörku á sama tíma var ákveðið að fresta mótinu til ársins 2017. Undirbúningur mótsins er þó hafinn en mótið verður haldið í Vestmannaeyjum.

Norræn leiðtogaþjálfun

Hópur leiðtoga á aldrinum 20–30 ára kom saman í Vatnaskógi dagana 21.–24. janúar 2016 til að taka fyrstu skref í mótun leiðtogaþjálfunar unglinga sem fram fer á norrænu móti KFUK og KFUK í Vestmannaeyjum sumarið 2017. Samstarfið gerir leiðtogunum kleift að skiptast á skoðunum og reynslu um leiðtogaþjálfun innan félaganna ásamt því að greina áskoranir og koma auga á þætti sem vantar í þjálfunina á hverjum stað fyrir sig. Verkefnið er styrkt af NORDBUK styrkjaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Fimm Íslendingar tóku þátt í þjálfuninni, bæði sem leiðtogar og þátttakendur, þau Ásgeir Þór Þorvaldsson, Ásta Guðrún Guðmundsson, Gísli Stefánsson, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir og Ísak Máni Jarlsson.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu 2015

Aðalfundur KFUM í Evrópu var haldinn í Tallin, höfuðborg Eistlands, dagana 14.–17. maí 2015. Þar komu saman fulltrúar frá hinum ýmsu KFUM-félögum sem eiga aðild að KFUM í Evrópu, undir yfirskrifinni Paths



Ísak Henningsson er breytingarfulltrúi (Change Agent) KFUM og KFUK á Íslandi. Hann tekur þátt í verkefnum á vegum Heimssambands KFUM með breytingarfulltrúum frá öðrum löndum.

to Progress. Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi á fundinum voru Birgir U. Ásgeirsson, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Markús Bjarnason og Tinna Rós Steinsdóttir.

YES-námskeið

Ungmennaráð KFUM í Evrópu, YES, stuðlar að valdeflingu ungs fólks innan KFUM í Evrópu með leiðtogaþjálfun og fleiru. Tinna Rós Steinsdóttir situr í stjórn YES, sem skipuleggur á hverju ári námskeið sem haldið er í tengslum við aðalfund KFUM í Evrópu. Á síðasta starfsári var þetta námskeið haldið dagana 11.–17. maí 2015. KFUM og KFUK á Íslandi átti þar tvo fulltrúa, þau Heiðbjörtu Arneyju Höskuldsdóttur og Markús Bjarnason.

Starfsmannaráðstefna í Helsinki

Dagana 23.–27. september 2015 fór stór hluti starfsmanna þjónustumiðstöðvarinnar á starfsmannaráðstefnu en ráðstefnan var ætluð starfsmönnum KFUM og KFUK félaga í Evrópu. Ráðstefnan er haldin þriðja hvert ár og var í þetta sinn haldin í Helsinki í Finnlandi. Á ráðstefnunni voru vinnustofur og fyrirlestrar og fengu starfsmennirnir einnig einstakt tækifæri til að kynna starfsmönnum annarra KFUM félaga, deila þekkingu sinni og reynslu og læra af öðrum.

Unify í Sviss

Annað hvert ár er haldið mót fyrir starfsmenn og sjálfbóðaliða KFUM í Evrópu sem kallast Unify. Á þessum mótum er sérstök áhersla lögð á kristindóminn og hvernig hægt er að styrkja hann og efla í starfi KFUM og KFUK. Árið 2016 var mótið haldið í Hasliberg í Sviss, dagana 25.–28. febrúar. Alls tóku níu íslenskir félagsmenn þátt í mótinu.

Framkvæmdastjórafundur í Róm

Frá árinu 2012 hefur verið haldinn sérstakur framkvæmdastjórafundur þeirra KFUM og KFUK félaga sem eiga aðild að KFUM í Evrópu. Í ár var fundurinn haldinn í Róm, dagana 23.–25. nóvember 2015, og mætti Tómas Torfason, framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi, á fundinn. Á fundinum eru málefni KFUM í Evrópu rædd en í ár var sérstök áhersla lögð á verkefnaáætlun aðildafélaga KFUM í Evrópu fyrir árin 2016–2020.

Heimssamband KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er ekki fullgildur aðili að heimssambandi KFUK. Þrátt fyrir það hefur félagið tekið þátt í viðburðum á vegum heimssambandsins á síðustu árum.

Heimssþing heimssambands KFUK í Tailandi

Dagana 11.–16. október 2015 var heimssþing heimssambands KFUK haldið í Bangkok, höfuðborg Tílands. Þetta var í 28. sinn sem heimssþing sambandsins er haldið. Því miður átti KFUM og KFUK á Íslandi engan fulltrúa á heimssþinginu.

Heimssamband KFUM

Félagið tók þátt í ýmsum verkefnum á vegum heimssambands KFUM á starfsárinu. Þess má geta að Ísland er ekki fullgildur aðili að heimssambandinu.

Breytingafulltrúi (Change Agent)

Á vormánuðum 2015 var nýr breytingafulltrúi valinn af stjórn KFUM og KFUK á Íslandi, þar sem ný lota verkefnisins hófst í upphafi þess árs. Ísak Henningsson sinnir nú þessu hlutverki. Meðal þess sem Ísak gerir sem breytingafulltrúi er að taka þátt í verkefnum og umræðum með öðrum breytingafulltrúum, sækja þjálfunarbúðir og þróa og hrinda af stað eigin verkefni í KFUM og KFUK á Íslandi.

Þjálfun fyrir breytingafulltrúa

Dagana 10.–14. júní 2015 sótti Ísak Henningsson námskeið í Sviss fyrir breytingafulltrúa. Þar fór fram þjálfun fyrir þá sem taka þátt í breytingafulltrúa verkefnum. Þjálfunin snerist fyrst og fremst um það hvað felst í því að vera breytingafulltrúi.

PeaceBoat

Önnur leiðtogaþjálfun innan breytingafulltrúa verkefnisins var þátttaka í svokölluðum PeaceBoat, eða Friðarbat. Sú þjálfun fór fram á skemmtiferðaskipi sem sigldi frá Yokohama í Japan til Singapúr, með viðkomu á Filipseyjum. Ferðin tók 12 daga, frá 20.–31. ágúst 2015. Samtals 150 manns frá 60 löndum tóku þátt í þjálfuninni. Ísak Henningsson var meðal þátttakenda.

Heimaverkefni breytingafulltrúa

Hluti af starfi breytingafulltrúa er að þróa verkefni innan sinna KFUM og KFUK félaga. Verkefnið á að vera valdeflandi fyrir ungt fólk sem og að efla félögin á heimavelli. Ísak Henningsson hefur þróað hugmynd að verkefni fyrir KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið hans snýst um að umhverfisvæða sumarbúðir KFUM og KFUK á Íslandi og stofna ufræðu- og aðgerðarhóp í þágu umhverfisins. Vinna við verkefnið er hafin og komin á gott skrið.

Camp Climate

Dagana 30. nóvember til 5. desember 2015 var haldið námskeið í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP21. Efni námskeiðsins tengdist loftslagsráðstefnunni, en námskeiðið fjallaði um umhverfisvæðingu og vistvæna hegðun. Námskeiðið var haldið í París, Frakklandi. Tveir íslenskir fulltrúar, þær Arna Auðunsdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir, tóku þátt á námskeiðinu fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi. KFUM í Frakklandi stóð fyrir námskeiðinu.



Arnar Ragnarsson, æskulýðsfulltrúi, fór á námskeið á Kypur um það hvernig hægt sé að nota íþróttir, leiki og útivist í æskulýðsstarfi.

Milljón raddir

Árið 2013 hóf heimssamband KFUM verkefni meðal aðildafélaga sem ber heitið Milljón raddir (One Million Voices). Verkefnið felst í því að leggja alþjóðlega spurningalistakönnun fyrir 100 manns á aldrinum 15–24 ára, bæði innan félagsins og utan þess þar sem meðal annars spurt um atvinnu, heilsu og borgaralega virkni. KFUM og KFUK á Íslandi tók þátt í verkefninu en þurfti því miður að hætta þátttöku á síðasta ári, þar sem ekki fékkst nægileg þátttaka í spurningalistakönnuninni.

Annað alþjóðlegt starf

Námskeið um íþróttir í æskulýðsstarfi

Dagana 2.–8. nóvember 2015 sótti Arnar Ragnarsson, æskulýðsfulltrúi, námskeið á Kypur um það hvernig hægt sé að nota íþróttir, leiki og útivist í æskulýðsstarfi. Námskeiðið var skipulagt af Evrópu unga fólksins. Dagskráin fól meðal annars í sér gönguferð, leiki og fræðslu um það hvernig leikir, íþróttir og útivist geta eflt ungt fólk. Þátttakan var lærdómsrík, en Arnar kom heim með ýmsa nýja leiki og verkefni í farteskinu sem mun án efa nýtast vel, bæði í vetrar- og sumarstarfi KFUM og KFUK á Íslandi.

Þátttaka í AD-KFUK

Þriðjudaginn 23. febrúar 2016 hafði alþjóðaráð umsjón með AD-KFUK fundi. Sagt var frá starfi alþjóðaráðs og alþjóðastarfs KFUM og KFUK á Íslandi ásamt því að tveir þátttakendur í alþjóðastarfinu, þær Arna Auðunsdóttir og Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, sögðu frá upplifun sinni á því. Fundurinn var vel sóttur og tókst afar vel.

Íslendingar í alþjóðlegum stjórnnum innan KFUM

Íslenskir KFUM og KFUK félagar sinna hinum ýmsu störfum fyrir félögin á alþjóðavettvangi. Birgir U. Ásgeirsson situr í stjórn KFUM í Evrópu (YMCA Europe), og hefur gert síðustu ár. Tinna Rós Steinsdóttir býr í Genf í Sviss og sinnir þar ýmsum störfum. Hún er formaður YES innan KFUM í Evrópu ásamt því að vera fulltrúi KFUM í Evrópu í Ráðgjafarnefnd um æskulýðsmál (Advisory Council on Youth) á vegum Evrópuráðsins (Council of Europe) en hún var kosin í þá nefnd af Evrópska æskulýðsvettvangnum (European Youth Forum) eftir tilnefningu frá KFUM í Evrópu. Áður hafði hún starfað hjá Y's Men í Sviss en það eru samtök sem styðja við starfsemi KFUM félaga um allan heim. Það er mikill ávinningur fyrir KFUM og KFUK á Íslandi að hafa þau Tinnu og Birgi í þessum störfum og getur falið í sér ýmis tækifæri. Félagið er afar þakklátt fyrir framlag þeirra til alþjóðastarfsins.

7. Jól í skókassa

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðarstarf sjálfboðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Björgvinsdóttir, ritari
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
Hreinn Pálsson, meðstjórnandi

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna, móttaka á jólagjöfum, samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfboðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Að verkefninu kom fjöldi sjálfboðaliða, líkt og undanfarin ár. Mestur fjöldi sjálfboðaliða tók þátt í yfirferð jólagjafa viku fyrir lokaskiladag, sem og á lokaskiladeginum þann 14. nóvember 2015. Fyrirtækið Sabre gaf starfsmönnum sínum leyfi til að gefa vinnu sína í heilan dag í verkefnið og var það frábær stuðningur fyrir verkefnið auk þess sem starfsmenn Sabre höfðu staðið fyrir fjáröflun og gáfu ágóðann til verkefnisins. Þá var fjöldinn allur af sjálfboðaliðum á landsbyggðinni sem sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum, svara spurningum og sinna móttöku á leikskóla- og grunnskólabörnum sem komu færandi hendi með jólagjafir.

Söfnun gjafa

Árið 2015 var tólfta árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 14. nóvember 2015, en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Eins og fyrri ár gekk verkefnið mjög vel og var vinnu við yfirferð kassanna lokið fyrir miðnætti lokaskiladags. Alls söfnuðust 5.264 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Þriðjudaginn 17. nóvember 2015 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK að Holtavegi til Kirovohrad í suðurhluta Úkraínu.

Eins og áður gaf Flytjandi flutning á kössum til Reykjavíkur og Eimskip gaf gáminn og flutning hans til meginlands Evrópu. Gáminn fékk svo KFUM í Úkraínu til eignar.

Tollafgreiðsla á skókössunum gekk hratt og örugglega fyrir sig og fulltrúar verkefnisins í Úkraínu voru komnir með gjafirnar í sína umsjón milli jóla og nýárs sem var mikið gleðiefni.



Alls söfnuðust 5.264 kassar að þessu sinni.



Göfunum var svo dreift til barna á munaðarleysisgaheimilum í Úkraínu í janúar 2016.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Þann 30. desember 2015 héldu þrír fulltrúar verkefnisins, Áslaug Björgvinsdóttir, Dóra Sif Sigurðardóttir og Rakel Hlín Bergsdóttir, til Úkraínu til að taka þátt í dreifingu jólagjafanna í Kirovohrad og nágrenni. Fulltrúar verkefnisins voru við dreifingu jólagjafanna í Úkraínu til 6. janúar 2016 og afhentu gjafirnar m.a. á munaðarleysisgaheimili, til barna einstæðra mæðra og fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður sem og til barna flóttafólks frá Donbass í austurhluta Úkraínu þar sem enn ríkir stríð. Ferðasögu hópsins má nálgast á Facebook síðu verkefnisins sem og á heimasíðu félagsins, www.kfum.is. Fulltrúar KFUM og KFUK í Úkraínu tóku svo við frekari dreifingu jólagjafanna og sáu um að koma þeim í réttar hendur.

8. Innland samstarfsverkefni

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Skrifstofa Æskulýðsvettvangsins síðastliðið starfsár var í húsnæðisráði Skátanna í Hraunbæ 123 og verkefnistjóri ÆV í fullu starfi er Ásta Sigvaldadóttir. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Hermann Sigurðsson formaður (BÍS), Auður Þorsteinsdóttir (UMFÍ) Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Gunnar Stefánsson (Slysavarnarfélagið Landsbjörg).

Siðareglur

Siðareglur um samskipti og Siðareglur um rekstur og ábyrgð voru gefnar út af ÆV og hugsaðar fyrir starfsfólki og sjálfbóðaliða í starfi aðildarfélaganna. Tilgangurinn með þeim er að gefa starfsfólki og sjálfbóðaliðum ramma til þess að starfa innan, bæði til þess að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu og til þess að tryggja starfsfólkið og sjálfbóðaliðana.

Verndum þau

Á árinu 2015 voru auglýst og skipulögð 11 Verndum þau námskeið viðs vegar um landið. Þrjú auglýst námskeið féllu niður. Lágmarkspáttataka svo námskeið fari fram eru tólf skráningar. Eitt af þessum námskeiðum var haldið í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28, en vegna tímabundins ástands í húsnæðismálum hefur félagið fagnað því þegar aðrir hafa getað hýst námskeiðið. Alls sóttu 204 manns námskeiðin. Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, höfundar bókarinnar Verndum þau, voru kennarar á námskeiðunum.

Það er afar mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð, geta lesið í vísbendingar um að vanræksla eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, eigi sér stað og vita hvernig bregðast eigi við ef slík mál koma upp.

KFUM og KFUK setur það sem skyldu að þeir sem starfi með börnum og unglingum á vettvangi félagsins hafi sótt Verndum þau námskeið.



Stjórn Æskulýðsvettvangsins frá hægri: Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Gunnar Stefánsson (Slysavarnarfélagið Landsbjörg), Auður Þorsteinsdóttir (UMFÍ) og Hermann Sigurðsson (BÍS).

Fagrð í meðferð kynferðisbrota

Aðildarfélög ÆV eiga með sér samráð þegar kemur að þessum viðkvæma málaflokki og hefur starfrækt sérstakt fagrð til að koma að slíkum málum. Áfram verður unnið að þróun þessa samstarfs til að tryggja góð og fagleg viðbrögð og vinnubrögð þegar upp koma kynferðisbrot á vettvangi aðildarfélaganna.

Átak gegn einelti

Útgáfa á Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri ósæmilegri hegðun, er eitt af verkefnum ÆV. Tilgangurinn er að stuðla að því að allir geti notið sín á jákvæðan hátt innan þess góða starfs sem aðildarfélög ÆV standa fyrir. Í tengslum við verkefnið var stofnaður ráðgjafahópur í meðferð eineltismála.



Litli-kompás

Aðildarfélög ÆV hafa nýtt bókina Kompás í starfi sínu frá árinu 2010. Kompás er handbók í mannréttindafraeðslu.

Litli-kompás er jafnframt handbók um mannréttindamenntun fyrir börn sem nýtist öllum þeim sem vinna með börnum. Í handbókinni er fjallað um lykilhugtök á sviði mannréttinda og réttinda barna. Kjarni bókarinnar eru 40 fjölbreytt verkefni sem byggjast á virkum kennsluáðferðum og er ætlað

að hvetja og örva áhuga og vitund barna um mannréttindi í eigin umhverfi. Verkefnið eiga enn fremur að þroska gagnrýna hugsun, ábyrgð og réttlætiskennd og stuðla að því að börn læri að grípa til aðgerða og leggja sitt af mörkum til hagsbóta fyrir skólann sinn og samfélagið. Auk þess er í bókinni fræðileg umfjöllun um þrettán lykilatriði mannréttinda, svo sem lýðræði, borgarvitund, kynjajafnrétti, umhverfismál, fjölmiðla og ofbeldi.

Kristilega skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) eiga samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi og eru samofin starfi félagsins. Fundir KSS eru t.d. haldnir í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Sr. Sveinn Alfreðsson hefur starfað fyrir KSH í 50% starfi. Við eðlilegar aðstæður væri starfsmaður KSH með aðsetur í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK, en vegna aðstæðna í kjölfar þess að loka þurfti skrifstofuhæðinni vegna mylgusvepps, hefur Sr. Sveinn sinnt starfi sínu fyrir KSH frá skrifstofu sinni í Lindakirkju. Þar sinnir hann prestsþjónustu á móti starfi sínu fyrir KSH.

Þjóðkirkjan og önnur trúfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Þá á félagið mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeiðin í Vatnaskógi (sjá nánar í skýrslu Vatnaskógar bls.37)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Óskar Ármannsson eru tengiliðir



Mikið samstarf er við Kristilegu skólahreyfinguna. Myndin er tekin á árlegum jólatónleikum KSS og KSF.

ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og mennta- og menningarmálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þá er einnig þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og Reykjanesbæjar.

9. Útgáfu- og kynningarmál

Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfbóðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Mest eru notaðir ókeypis eða ódýrir miðlar, til dæmis fyrir vikulegar fréttir, en nokkrum sinnum á ári er farið í kostnaðarmeiri kynningar.


Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom þrisvar sinnum út á starfsárinu, í byrjun júní, í september og í lok desember. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, marga kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Á árinu var áherslum í fréttabréfinu breytt. Blaðsíðum hefur verið fjölgað og nú fá myndir meira rými en áður og leitast er við að hafa lesmálið ekki of langt. Þá var dagskrá vetrarstarfsins færð inn í fréttabréfið í stað þess að gefa það út í sérstökum bæklingi.

Ársskýrsla

Vorið 2015 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2014–2015. Sú skýrsla var einungis send í prentuðu formi til félagsmanna 50 ára og eldri. Aðrir fengu hana senda á rafrænu formi og hún fór á heimasíðuna og á issuu (rafræna útgáfusvæði félagsins). Í skýrslunni er fjallað um starfsemi og verkefni á vegum félagsins.



Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Um 60 manns koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið. Á starfsárinu samdi félagið við Halldór Elias Guðmundsson til að þróa áfram og halda utan um vefsvæði félagsins.

Þá er heimasíðan tengd við samfélagsmiðlana **Twitter** og **Facebook**. Fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast þannig samstundis sem „tvít“ á https://twitter.com/KFUM_KFUK og einnig á Facebook síðu félagsins. Fréttir á heimasvæðum einstakra starfsstöðva birtast einnig sjálfvirk á Facebook síðum viðkomandi starfsstöðva.

Á Facebook síðu KFUM og KFUK á Íslandi birtast fréttir og myndir úr starfinu. Um miðjan mars 2016 var síðan með 1.630 „aðdáendur“. Umsjón er að mestu leyti í höndum Örnú Auðunsdóttur. Í félaginu er Facebook notað á marga vegu sem verkfæri í samskiptum. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins.

KFUM og KFUK notar vef **YouTube** til að birta myndbönd, vef **issuu.com** til birtingar á útgefnu prentefni og síðan eru myndir frá starfi félagsins birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islund/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfjor.is sem er sérsmíðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins. KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn **Instagram**, undir heitinu kfumkfukiceland. Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>. Lára Halla Sigurðardóttir stjórnarkona og blaðamaður stóð fyrir því og hefur umsjón með honum. Fylgjendur KFUM og KFUK á Instagram í lok febrúar 2015 voru 138 talsins.



Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni: <http://efnisveita.kfum.is>. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til 2015. Leiðtogar í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK gátu fengið útprentuð eintök af fræðsluefninu fyrir haustmisserið 2014 og vormisserið 2015. Þá fengu starfsmenn sumarþúða og leikjanámskeiða hjá félaginu útprentuð eintök af fræðsluefni sumarsins 2014. Fræðsluefni félagsins má skoða á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>. Umsjón með fræðsluefni hefur æskulýðssvið félagsins.

Netfréttir

Í upphaf hvernar viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið **MailChimp** til að halda utan um sendingu á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Arna Auðunsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2016 var gefið út 16 síðna sumarþúðablað þar sem sumarþúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2016 eru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað út í um 12.000 eintökum og dreift til forráðamanna þeirra barna sem tóku þátt í sumarstarfi KFUM og KFUK sumarið 2015 og einnig til barna sem verða níu ára á árinu (fædd árið 2007). Rafræna útgáfu af bæklingnum er hægt að nálgast á issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>.



Annað almennt kynningarstarf

Í júní 2015 gaf Vatnaskógur út Sæludagabækling sem var prentaður í 2.000 eintökum. Bæklingurinn var sendur til félagsfólks og forráðamanna barna í sumarstarfi félagsins. Umsjón með gerð hans hafði Ársæll Aðalbergsson.

Bæklingur um verkefnið Jól í skókassa var gefinn út af stjórn verkefnisins. Honum var dreift víðsvegar um landið en rafræna útgáfu af bæklingnum má sjá á heimasíðu félagsins: <http://kfum.is/skokassar/prentefni/>.



10. Fjármál

Í KFUM og KFUK er þess gætt að fara vel með alla þá fjármuni sem félaginu berast og beina þeim í beint starf félagsins. Lykilatriðið er hið mikla sjálfbærliðastarf sem fram fer á vegum félagsins. Flestar starfsstöðvar og verkefni skila ágætri fjárhagsniðurstöðu þótt á flestum stöðum vanti fé til að sinna viðhaldi og öðrum áriðandi og spennandi verkefnum. Til dæmis stöndum við frammi fyrir mikilli áskorun vegna myglusvepps í eldri hluta þjónustumiðstöðvarinnar á Holtavegi, eins og fram hefur komið fram, og í Vindáshlíð er verið að skoða þátttöku í hitaveituframkvæmdum í sveitinni en búast má við að verði nokkuð kostnaðarsamar framkvæmdir en geta gefið marga nýja möguleika.

Fjárhagslegur stuðningur við KFUM og KFUK kemur víða að, frá opinberum aðilum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Ýmis fjárföflun veitir fé til félagsins og starfsstöðva, en er líka hluti af samfélaginu innan félaginu. Sumir taka þátt í reglulegu gjafakerfi félagsins en aðrir leggja af mörkum eftir því hvernig stendur á. Við þökkum öllum þeim sem lögðu okkur lið á liðnu starfsári.

Fjármálastjóri KFUM og KFUK undanfarin átta ár var Þorsteinn Arnórsson en hann fór til annarra starfa í lok árs 2015. Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi þakkar honum gott samstarf með von um að njóta áfram krafta hans þó á öðrum sviðum verði. Nýr fjármálastjóri félagsins er Þröstur Árni Gunnarsson og hóf hann störf í byrjun árs 2016.

Við þökkum Guði fyrir þá sem leggja félaginu lið með styrkjum og framlögum, hvort heldur er með vinnu, efni, fyrirbænum eða fjármunum. Leggjum fjárhag félagsins okkar fram í bæn.



Ástand eldri hluta húsins á Holtavegi 28 er meðal þeirra krefjandi verkefna sem við í KFUM og KFUK stöndum frammi fyrir.



Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Vinagarðs var haldinn 9. mars 2015

Stjórn Vinagarðs á starfsárinu skipuðu:

Magnús Fjalar Guðmundsson, formaður
 Anna Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri
 Edda Björk Skúladóttir, ritari
 Guðmundur Ingi Leifsson, fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK
 Einar Helgi Ragnarsson, fulltrúi foreldra

Varamenn voru þau Nína Björk Þórsdóttir og Fjölur Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga voru:

María Aðalsteinsdóttir
 Páll Skaftason
 Hilmar Jónsson var varamaður

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 7.

Deildir leikskólans eru fimm talsins. Ungagarður og Lambagarður er ætlaðir yngstu börnum skólans (2 ára), Grísagarður og Kópagarður fyrir 3–4 ára og Uglugarður fyrir elstu börn skólans (5 ára). Helstu verk stjórnar Vinagarðs á starfsárinu voru mælingar á hljóðvist á Uglugarði og Lambagarði, áframhaldandi viðhald og framkvæmdir á lóð umhverfis

leikskólann. Hápunktur starfsársins var 40 ára afmæli leikskólans í nóvember sem fagnað var með myndarbrag. Markmið starfsins með börnunum er að efla kristlegt siðgæði, skapa notalegt andrúmsloft, efla virðingu, sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargleði. Í leikskólanum á að ríkja gleði og væntumþykja.

Starfsmenn leikskólans

Deildastjórar: Hulda Björg Jónasdóttir og Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir B.Ed. leikskólakennarar, Alma Auðunardóttir M.A. í uppeldis- og menntunarfræði, Ólöf Jóna Jónsdóttir B.Ed. grunnskólakennari og Eva Dögg Sveinsdóttir B.A. ensku auk kennslufræði.

Sérkennslustjóri: Ragnhildur Gunnarsdóttir B.Ed. grunnskólakennari
Aðrir háskólamenntaðir: Anna Jóhanna Hilmarsdóttir B.A. í þjóðfræði og guðfræði, Dovile Didelyte B.A. í ensku, Hafdis Maria Matsdóttir B.Ed. grunnskólakennari og María Sigurðardóttir M.S. í umhverfis- og auðlindarfræði.

Leiðbeinendur: Arna Ingólfsdóttir, Aðalheiður Sighvatsdóttir, Inga Hanna Ragnarsdóttir, Sesselja Kristinsdóttir, Sigríður Unnur Lúðvíksdóttir, Sigrún Ásta Kristinsdóttir, Stefanía Sigurjónsdóttir, Þóra Kristjánsdóttir og Þorbjörg Tómasdóttir.

Eldhús: Sigrún Lilja Hjartardóttir matráður og Angelica Lawino aðstoð í eldhúsi.



Leikskólastarfið

Líkt og undanfarin ár eru valdar ákveðnar áherslur í leikskólastarfinu sem einkenna starfið. Á Vinagarði er unnið markvisst með bernskulæsi sem felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta; hljóðkerfisvitundar, bókstafabekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Læsisstefna Vinagarðs er sett upp sem hugarkort. Þar er henni skipt í skipulagt starf, frjálsan leik og útinám. Unnið er út frá barninu reynslu þess og áhugasviði, t.d. er unnið með staf barnsins í leik og út frá bókinni Lubbi finnur málbein. Unnið er með orðaforða, orð tekin út og útskýrð og leikið með þau. Til að örva jafnvægisskynið er í útinámi meðal annars upp á jafnvægishjól, jafnvægisbretti og jafnvægisslá.

Í gildum leikskólans, sem eru trú, von og kærleikur, speglast lýðræðið í hnotskurn. Í hópastarfi leikskólans er hlustað eftir röddum barnanna og þau fá að hafa áhrif á þá vinnu sem er unnin og hvernig hún er framkvæmd. Með þessu móti er unnið að sterkari sjálfsmýnd hvers og eins og borin virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna. Með lýðræðislegum kosningum, þar sem meiri hlutinn ræður, fá börnin að hafa áhrif á til dæmis hvaða bók er lesin í sögustund eða hvert er farið í göngutúr. Með þessu móti eru þau einnig virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf.

Ýmsir viðburðir voru fléttaðir inn í leikskólastarfið á árinu líkt og undanfarin ár. Elstu börnin fóru í Friðuhús (dagvistarheimili fyrir minnisveika) einu sinni í mánuði og sungu fyrir skjólstæðinga og áttu samverustund með þeim. Börnin fengu tækifæri til þess að læra um liðna tíma um leið og eldra fólkið fékk tækifæri til að fylgjast með vaxandi kynslóð. Á leikskólanum læra börnin um sögu okkar, menningu og hefðir, m.a. þulur, kvæði og gamlar vísur. Fyrir Bolludag fóru öll börnin heim með bolluvendi sem þau höfðu útbúið sjálf og á Öskudag var náttfatadagur í leikskólanum þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni. Sólheimabókasafn hefur boðið elstu börnunum að koma í sögustund um það bil einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Elstu börnunum var boðið á sínfóniútónleika í Hörpu, heimsókn í Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið. Þau fóru einnig í heimsókn á Árbæjarsafn þar sem þau fengu leiðsögn um svæðið og síðan að leika sér í skemmtilegu leikfangasafni. Elstu börnin fóru einnig í aðrar vettvangsferðir, t.d. í Sorpu og Landhelgisgæsluna. Líkt og undanfarin ár var elstu börnunum boðið á sundnámskeið í júní í Laugardalslaug. Danskennsla er hluti af námskrá leikskólans og fóru öll börnin af eldri deildum í dans. Kennt var einu sinni í viku átta skipti á hvorri önn. Kennari

er Hinrik Valsson danskennari. Samsöngur er einu sinni í viku þar sem öll börn á leikskólanum hittast og syngja saman. Deildirnar skiptast á að skipuleggja og halda utan um stundirnar. Á þessum stundum er líka svigrúm fyrir ýmsar upptökur og leikþætti sem er vinsælt hjá börnunum.

Ytra mat á starfi leikskólanna var unnið á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og var niðurstaðan mjög jákvæð fyrir leikskólann og hvetjandi til að halda áfram að efla gott starf skólans.

Ýmsir viðburðir í starfi Vinagarðs

Í maí var fjölmenni á opnu húsi leikskólans þar sem börnin sýndu afrakstur vetrarins. Boðið var upp á grillaðar pylsur og foreldrafélagið hélt basar til fjáröflunar fyrir leikskólann. Sumarhátíð barnanna fór fram í júní þar sem börnin voru máluð í framan og farið var í skrudgöngu um Laugardalinn. Þau fengu svo útrás í hoppukastala KFUM og KFUK. Í október fóru börn af eldri deildum skólans í Vatnaskóg. Góð þátttaka var meðal foreldra og ferðin tókst vel þrátt fyrir votveður. Í nóvember tóku börnin þátt í verkefninu Jól í skókassa og komu með hluti í leikskólann til að setja í jólapakka til munaðarlausra barna í Úkraínu. 40 ára afmæli leikskólans var fagnað í nóvember 2015. Börnin fengu heimsókn frá Sirkus Ísland fyrri hluta dags en síðar var foreldrum boðið í kaffi og leikskólabörnin sungu. Auk þess kom söngkonan Elín Sif Halldórsdóttir fram en hún tók þátt í undankeppni söngvakeppni RÚV. Var mikil ánægja með daginn og tók foreldrafélag leikskólans virkan þátt í skipulagi og framkvæmd afmælishátíðarinnar. Jólátrésskemmtun skólans var haldin í desember með helgileik eldri barna og söng þeirra yngri. Foreldrafélagið sá um veitingar og gjafir til barnanna af miklum myndarskap eins og þeirra er von og vísa. Líkt og undanfarin ár héldu elstu börnin suður með sjó og heimsóttu orlofshús Maríu leikskólastjóra á vordögum. Þá voru nokkrir hjóladagar haldnir á árinu. Börnin gátu komið með eigin hjól og bílastæði við leikskólann var lokað fyrir bílaumferð.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag leikskólans er mjög öflugt og hafa foreldrar staðið fyrir tiltekta degi þar sem tekið er til á lóð skólans, staðið fyrir útilegum, sælkerabasar o.fl. Fyrir tilstuðlan foreldrafélagsins komu foreldrar og hjálpuðu til inni á deildum leikskólans í einn dag til móts við dagsfrí starfsmanna.

Framkvæmdir

Á starfsárinu hefur verið áframhaldandi vinna við að bæta aðbúnað á leikskólalóðinni. Meðal annarra verkefna var að bæta fallvarnir undir leiktækjum og gera við girðingu sem liggur umhverfis skólalóðina. Auk þess voru gróðursettar plöntur í beð innan og utan lóðar. Stjórnarmeðlimir, leikskólabörn og nokkrir foreldrar tóku virkan þátt í að útbúa beðin og gróðursetja plöntur.

Önnur mál

Tvö Spika hjól voru keypt fyrir leikskólann, en það eru hjólabretti til að þjálfa jafnvægi hjá börnum. Er það liður í tilraunaverkefni sem talið er að styðji við læsi barna. Hljóðvist á Lambagarði og Uglugarði er ekki ásættanleg. Sérfræðingur frá verkfræðistofunni EFLU kom og mældi hljóðvist á Uglugarði og Lambagarði. Niðurstöðurnar voru óásættanlegar og unnið verður í því að árinu að gera úrbætur á hljóðvist á þessum deildum.

Stjórn leikskólans þakkar starfsfólkinu fyrir framúrskarandi störf á árinu með börnunum og fyrir að hafa skapað þeim hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.



Vatnaskógur

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2015 fyrir sumarbúðirnar og aðra starfsemi í Vatnaskógi.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi“.

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein):

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga“.

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 19. mars 2015.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
 Sigurður Grétar Sigurðsson, varaformaður
 Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
 Davíð Örn Sveinbjörnsson, ritari
 Páll Hreinsson, varagjaldkeri
 Ingí E. Erlingsson, meðstjórnandi
 Sigurður Pétursson, meðstjórnandi

Björgvin Hansson 1. varamaður
 Ólafur Jón Magnússon 2. varamaður og vararitari

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi)
 og Bjarni Árnason.

Stjórnin hélt 10 fundi á árinu: 14. janúar, 11. febrúar, 11. mars, 8. apríl, 11. maí, 11. júní, 12. ágúst, 29. september, 18. nóvember og 16. desember.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn voru þau Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri, Þórir Sigurðsson, staðarráðsmaður og Vallborg Rut Geirsdóttir, ráðskona. Sigurður Jóhannesson var fastur starfsmaður allt árið sem sjálfboðaliði. Auk þeirra starfaði fjöldi fólks með einum eða öðrum hætti fyrir Skógarmenn árið 2015.

Framkvæmdir

Nýbygging

Vorið 2015 var hafist handa við innréttingavinnu í vestasta hluta Birkiskála. Íll framkvæmdum var þó slegið á frest og þráðurinn tekinn upp í lok árs og hafa Skógarmenn sett sér það markmið að taka síðustu herbergin í notkun á árinu 2016 og að framkvæmdum ljúki árið 2017.

Á árinu 2015 fengu Skógarmenn ýmsa styrki til verkefnisins og hefur áhersla verið lögð á virka fjáröflun meðal opinbera aðila, einstaklinga kirkjunnar og fyrirtækja sem kölluð er Bakland Vatnaskógar. Gekk söfnunin vel á árinu.

Framgangur verksins mun sem fyrr ráðast af fjármögnun. Byggingarnefnd hefur umsjón með verkinu og í henni eru Ársæll Aðalbergsson, Ólafur Sverrisson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Sveinn Valdimarsson.

Lerkiskáli

Mikil þörf var á endurnýjun á salernisaðstöðu í Lerkiskála. Á vormánuðum var skipt út tækjum í rýminu, gólfefni og sturta endurnýjuð.

Vesturflöt

Á árinu var sáð í flötina, einnig var gróðursett á nokkrum stöðum. Flötin er um 6000 m² og mun meðal annars nýtast sem tjaldflöt.

Bátaskýlið

Um haustið var hafist hana við endurnýjun á efri hæð hússins. Eldri klæðning var rifin burt og húsið gert fokhelt að innan. Síðan var hafist handa við að einangra og klæða að nýju. Gert er ráð fyrir að ljúka við verkið á árinu 2016. Verkið var unnið undir forystu Björgvins Hanssonar.

Sumarstarf

Flokkar sumarsins 2015 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1	10.–15. júní	9–11	6	84	
2	16.–21. júní	10–12	6	98	
3	22.–28. júní	12–14	7	76	Ævintýraflokkur I
4	29. júní – 5. júlí	9–11	7	65	
5	6. – 10. júlí	10–12	5	99	
6	11.–6. júlí	9–12	5	89	
7	7.–12. júlí	0–99	2	37	Ævintýraflokkur II
8	22.–27. júlí	10–12	6	76	
9	4.–9. ágúst	14–17	6	43	Unglingaflokkur b. kyn
11	11.–14. ágúst	7–99	6	24	Gauraflokkur
12	28.–30. ágúst	7–99	2	87	Feðgaflokkur
13	4.–6. sept.	7–99	2	54	Heilsudagar karla

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum:

2015: 691
2014: 784
2013: 758
2012: 804

Fjöldi dvalargesta í feðga- og feðginaflokkum og á heilsudögum:

2015: 141
2014: 144
2013: 158
2012: 180

Heildarfjöldi þátttakenda í sumarstarfi Skógarmanna:

2015: 832
2014: 928
2013: 916
2012: 984

Forstöðumenn sumarið 2015

1. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson
 2. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson
 3. Flokkur: Sigurður Grétar Sigurðsson
 4. Flokkur: Arnar Ragnarsson og Ólafur Jón Magnússon
 5. Flokkur: Hilmar Einarsson og Ólafur Jón Magnússon
 6. Flokkur: Arnar Ragnarsson og Ólafur Jón Magnússon
 7. Flokkur: Hilmar Einarsson
 8. Flokkur: Hilmar Einarsson
 9. Flokkur: Guðmundur Karl Brynjarsson og Gunnar Þór Pétursson
 10. Flokkur: (Gauraflokkur): Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
- Feðgaflokkur: Ársæll Aðalbergsson.

Foringjar

Arnar Ragnarsson (1 flokkur),
Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (1 flokkur),
Baldur Ólafsson (2 flokkar),
Benjamín Gísli Einarsson (2 flokkar),
Benjamín Pálsson (4 flokkar),
Birkir Bjarnason (6 flokkar),
Daniel Bergmann (6 flokkar),
Davið Arnar Sigvaldason (1 flokkur),
Davið Örn Sveinbjörnsson (1 flokkur),
Gísli Felix Einarsson (1 flokkur),
Gísli Guðlaugsson (2 flokkar),
Gunnar Hrafn Sveinsson (8 flokkar),
Gunnar Thomas Guðnason (1 flokkur),
Hannes Þ. Guðrúnarson (1 flokkur),
Hans Patrekkur Hansson (5 flokkar),
Hilmar Einarsson (4 flokkar),
Ísak Henningsson (5 flokkar),
Jón Gunnar Bergs (1 flokkur),
Kristín Rut Ragnarsdóttir (1 flokkur),
Kristófer Ásgeirsson (1 flokkur),
Markús Bjarnason (3 flokkar),
Matthías Guðmundsson (4 flokkar),
Ólafur Jón Magnússon (3 flokkar),
Páll Ágúst Þórarinnsson (6 flokkar),
Pétur Sigurðsson (3 flokkar),
Sigurður Pétursson (1 flokkur),
Unnur Rún Sveinsdóttir (1 flokkur)

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar Andri Már Kristjánsson, Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir, Jóhann B. Arngrímsson, Sigurbjörg Fjölvisdóttir og Þorsteinn Otti Jónsson.

Ráðsmenn – vinnumenn

Nokkrir aðilar gengu í þau viðhaldsstörf sem fylgja staðnum. Gylfi Bragi Guðlaugsson, Ögmundur Ísak Ögmundsson, Gríma Katrín Ólafsdóttir unnu við umhirðu staðarins auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir. Fjölmargir sjálfbóðaliðar komu að viðhaldi og umhirðu staðarins, þar af nokkrir í vikutíma.



Ráðskonur

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (1 flokkur), Kristín Sigrún Magnúsdóttir (1 flokkur) Ólöf Birna Sveinsdóttir (1 flokkur) og Valborg Rut Geirsdóttir (6 flokkar). Auk þeirra skiptu þeir Jón Grétar Þórsson og Hreiðar Örn Z Stefánsson með sér einum flokki.

Starfsfólk í eldhúsi

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (1 flokkur),
Benjamín Pálsson (1 flokkur),
Gríma Katrín Ólafsdóttir (2 flokkar),
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir (1 flokkur),
Gunnhildur Einarsdóttir (1 flokkur),
Harpa Vilborg Schram (2 flokkar),
Hugrún Lena Hansdóttir (7 flokkar),
Ingibjörg Lóreyey Friðriksdóttir (3 flokkar),
Ísak Henningsson (1 flokkur),
Jóhanna Elísa Skúladóttir (1 flokkur),
Kristín Rut Ragnarsdóttir (5 flokkar),
Kristín Sigrún Magnúsdóttir (3 flokkar),
Ólöf Birna Sveinsdóttir (2 flokkar),
Páll Ágúst Þórarinnsson (1 flokkur),
Sara Lind Sveinsdóttir (1 flokkur),
Sunna Björg Gunnarsdóttir (2 flokkar),
Unnur Rún Sveinsdóttir (1 flokkur) og
Ögmundur Ísak Ögmundsson (1 flokkur).

Sjálfboðaliðar

Nokkrir af ofantöldum starfsmönnum voru sjálfboðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Skógarmanna hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig kom ungt fólk og aðstoðaði við ýmis verk eins og við uppvas og umhirðu staðarins. Þá eru ótaldir þeir sjálfboðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við nýbygginguna og íþróttasvæðið.

Viðburðir í starfi Skógarmanna

Fjölskylduflokkur

Fjölskylduflokkur var í febrúar. Þátttakendur voru um 60 manns.

Feðgaflokkur

Í lok sumars var feðgaflokkur í boði fyrir feður og syni. Þátttakendur voru samtals 87.

Sæludagar

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímulausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2015. Um 1.000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi.

Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Ársæll Aðalbergsson, Guðmundur Karl Brynjarsson, Páll Hreinsson og Páll Skaftason stýrðu undirbúningi. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og ljóst er að þessi stærsti árlegi viðburður Skógarmanna hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga um verslunarmannahelgina.

Heilsudagar karla

Helgina 4. til 6. september voru Heilsudagar karla í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson með erindi sem nefndist „Felur breytt samfélag í sér breytta köllun?“ Á laugardeginum var erindið „Kristín trú, stjórnmál og yfirvöld“ í umsjón Davíðs Arnar Sveinbjörnssonar lögmanns. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna að öll klæðning innandyr á efri hæðar Bátaskýlisins var fjarlægð, hafist var handa við að klæða loft í Birkiskála II, viðgerð hafin á lofti í matsal, trjáflutningar, eldiviður sagaður, skiltagerð, tiltekt í íþróttahúsi og fleira.

Á sunnudeginum var haldið í messu í Akraneskirku þar sem sr. Þráinn Haraldsson þjónaði fyrir altari. Alls tóku 54 karlmenn þátt í Heilsudögum 2015 auk nokkurra gesta sem heimsóttu staðinn þessa daga. Ólafur Sverrisson, Páll Skaftason og Sigvaldi Björgvinsson sáu um skipulagningu þeirra.



Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest og skyldar raskanir var haldinn í áttunda sinn. Áð þessu sinni voru 24 drengir þátttakendur. Starfsmenn voru mun fleiri en í venjulegum flokki og dagskrá flokksins var í samræmi við þarfir drengjanna. Forstöðumenn og forsvarsmenn verkefnisins voru þeir Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon.

Leikskólar

Í maí komu leikskólahópar í dagsferðir og nutu dagskrár sem starfsmenn Skógarmanna skipulögðu og stýrðu. Alls komu 575 leikskólabörn vorið 2015. Umsjón með heimsóknnum höfðu þau Ólafur Jón Magnússon og Valborg Rut Geirsdóttir ásamt fleirum.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarþúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 25. mars.

Fermingarnámskeið, skólabúðir og skálaleiga

Fermingarnámskeið/skólabúðir

Síðastliðinn vetur voru haldin fjölmörg fermingarnámskeið. Námskeiðin voru með eftirfarandi hætti:

- Fimm daga fermingarnámskeið fyrir börn af Norðurlandi í samvinnu við Skagafjarðarprófastsdæmi.
- Fimm daga fermingarnámskeið fyrir börn frá Garði, Grindavík og Sandgerði í samvinnu við Kjalarnesprófastsdæmi.
- Tveggja til þriggja daga fermingarnámskeið í umsjá Skógarmanna í samvinnu við Kjalarness- og Reykjavíkurprófastsdæmi.
- Dagsnámskeið í samvinnu við Reykjavíkurprófastsdæmi.

Í febrúar og mars 2015 komu 136 unglingar á þrjú námskeið. Um haustið (ágúst til nóvember) komu alls 2039 unglingar í Vatnaskóg á 33 námskeið. Árið 2015 komu því samtals 2175 unglingar á 36 námskeið.

Umsjón með námskeiðunum hafði framkvæmdastjóri Skógarmanna. Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru: Auður Sif Jónsdóttir, Ársæll Aðalbergsson, Magnús Magnússon og Sigurður Grétar Sigurðsson.



Auður Sif Jónsdóttir, Benjamín Pálsson, Dagrún Linda Barkardóttir, Ingibjörg L. Friðriksdóttir, Ögmundur Ísak Ögmundsson voru fastir starfsmenn á námskeiðunum. Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir voru eldhússtarfsmenn á námskeiðunum.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Allmargir hópar komu árið 2015:

Leiðtoganámskeið KFUM og KFUK, hópar frá barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar, börn í vorferð yngri deilda KFUM og KFUK og Kristileg skólasamtök. Þá komu skólahópar bæði um vor og haust. Meðal annarra hópa sem komu og nýttu staðinn voru Landsbjörg (ungmennamót) og hópar úr unglingadeildum KFUM og KFUK (landsmót).

Fjáröflun – styrkir

Kaffisala til styrktar starfinu í Vatnaskógi var haldin á sumardaginn fyrsta. Fjölmargir komu og studdu við starf Skógarmanna, bæði með því að gefa veitingar á kaffisöluna og einnig með því að greiða fyrir aðgang að kaffihlaðborðinu. Um kvöldið voru haldnir tónleikar til stuðnings nýjum skála Skógarmanna og komu fram félagar í Karlakór KFUM og þeir Eypór Ingi Jónsson og Jóhann Helgason.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Á Sæludögum um verslunarmannahelgina hófst sala á „línun“ í Línuhappdrætti Skógarmanna til stuðnings nýjum skála í Vatnaskógi eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram á Heilsudögum karla en þá höfðu selst rúmlega 300 línur.

Fjáröflun meðal fyrirtækja

Bakland Birkiskála er heiti á fjáröflun á meðal fyrirtækja til stuðnings nýbyggingunni. Söfnunin hefur staðið yfir í nokkur ár og nokkur fyrirtæki gengið til liðs við verkefnið sem fólst í því að styðja við nýbygginguna í þrjú ár. Framlög þeirra, auk nokkurra styrkja og gjafa einstaklinga munu leggja grunninn að því að hægt var að ljúka Birkiskála II. Nú er unnið að því að fá fleiri fyrirtæki taka þátt í að ljúka við verkefnið.



Herrakvöld KFUM

Herrakvöld aðaldeildar KFUM var haldið 5. nóvember. Stjórn Skógarmanna ásamt fleiri góðum mönnum sá um framkvæmdina. Allur ágóði rann til nýbyggingarinnar í Vatnaskógi.

Stuðningur/styrkir

- Framkvæmdir í Vatnaskógi voru styrktar af Landsmótssjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Skeljungur styrkti nýbygginguna.
- Bakland Vatnaskógar studdi nýbyggingu Skógarmanna.
- Gjafir einstaklinga.
- Einstaklingar studdu starfið með mánaðarlegum framlögum.

Pakkargjörðarhátíð

Í lok starfsársins 2015, þann 29. nóvember, var starfsfólki ársins boðið í kvöldverð og dagskrá í Vatnaskógi þar sem því var pakkað fyrir vinnuframlag sitt fyrir Skógarmenn.

Lokaorð

Duglegir starfsmenn og trúfastir sjálfbóðaliðar eru starfinu ómetanlegir. Þetta er sérstaklega mikilvægt í rekstri Vatnaskógar sem er viðkvæmur fyrir áföllum í rekstri t.d. kostnaðarhækkunum og fækkun dvalargesta.

Vissulega er fækkun dvalargesta á nýliðnu ári vonbrigði og nauðsynlegt að snúa þeirri þróun við. Þar skiptir máli að sumarbúðirnar í Vatnaskógi taki mið af þeirri þróun sem á sér stað í samfélaginu, m.a. þá miklu samkeppni sem í dag er um tíma ungdómsins í landinu. Í hverskonar aðgerðum við að efla starf staðarins er þó ávallt grundvallaratriði og leiðarljós stjórnar að stefna áfram að markinu, að missa ekki sjónar á markmiði Skógarmanna sem er að leiða fólk til trúar á Jesú Krist.

Ljóst er að margvísleg verkefni eru framundan. Áframhaldandi framkvæmdir á Birkiskála, kostnaðarsamar viðhaldsframkvæmdir við eldri hús staðarins, vinna að aukinni nýtingu staðarins og efling sumarstarfsins.

Stjórn Vatnaskógar er óendanlega þakklát fyrir framlag sjálfbóðaliða í Vatnaskógi, þeirra gjafa og styrkja sem einstaklingar, félög og yfirvöld hafa veitt staðnum. Án alls þessa væri erfitt, ef ekki ómögulegt að þjónusta þá þúsundir einstaklinga sem um staðinn fara. Fyrir þetta erum við afar þakklátir.

En seint verður hægt að sýna öllum þeim sem koma að starfi Vatnaskógar verðskuldað þakklæti, það er þó sífellt reynt og ávallt ofarlega í huga stjórnar. Það er ágætis áminning og mikil viðurkenning og þakklæti fólgið í því að það er ykkar vegna, ykkar sem styðjið við og takið þátt í starfsemi Vatnaskógar, að tilgangi starfsins verður ekki haggð, þ.e. boðun trúarinnar á Jesú Krist sem lifandi frelsara. Skógarmenn! Áfram að markinu!

*David Örn Sveinbjörnsson, ritari stjórnar Skógarmanna
Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri Skógarmanna*



Vindáshlíð

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn þriðjudaginn 10. mars 2015 kl. 20 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipuðu:

Guðrún Nína Petersen, formaður
 Jessica Leigh Andréddóttir, varaformaður
 Hanna Lára Baldvinsdóttir, kynningarfulltrúi og meðstjórnandi
 Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri (fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK)
 Gerður Rós Ásgeirsdóttir, varagjaldkeri
 Rúna Þráinsdóttir, ritari
 Guðný Einarsdóttir, vararitari

Skoðunarmenn reikninga voru:

Anna Kristín Guðmundsdóttir og Ragnheiður Arnkelsdóttir

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Stjórnin hélt fjórtán fundi á starfsárinu. Helstu verkefni stjórnar fólu í sér almenna stjórnun sumarbúðastarfsins og ýmsar verklegar framkvæmdir. Meðal verka er allur rekstur og viðhald húsakynna, ráðning starfsfólks, ýmislegt innra eftirlit, skipulag sumarstarfs, kaffisalan og kvennaflokkur, svo nokkur atriði séu nefnd. Öll stjórnarstörf eru unnin í sjálfböðavinnu.

Starfsmenn

Forstöðukonur:

Anna Arnardóttir, Auður Pálsdóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Signý Gyða Pétursdóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir og Sunna Gunnlaugsdóttir.

Ráðskonur:

Arna Auðunsdóttir, Dagný Dögg Sigurðardóttir, Fjola Sæbjörg Ólafsdóttir, Guðný Einarsdóttir, Þóra Gísladóttir

Ráðsmenn:

Björn Arnar Kárasen og Elías Ingi Björgvinsson

Foringjar: Aldís Helga Björgvinsdóttir, Alma Kristín Ólafsdóttir, Andrea Anna Arnardóttir, Anna Bergljót Böðvarsdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Ásta Ingólfsdóttir, Ástrós Jensdóttir, Elin Emillía Jónmundsdóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Gígja Björg Guðjónsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Gunnhildur Einarsdóttir, Halldóra Fanney Jónsdóttir, Heiða Ósk Guðmundsdóttir, Hekla Sóley Magnúsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Helga Sif Helgadóttir, Hildur Margrét Mortensdóttir, Hulda Guðmundsdóttir, Ingibjörg Eide Garðarsdóttir, Ingibjörg Lórelei Zimsen Friðriksdóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Ingunn Huld Sævarsdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Karítas Hrunnar Pálsdóttir, Kristín Högn Magnúsdóttir, Kristín Sigrún Magnúsdóttir, Kristín Björg Sigurvinsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Sandra Björk Jónasdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Líf Gunnarsdóttir, Sólrún Rós Eiríksdóttir og Þórhildur Einarsdóttir.

Framkvæmdir

Í Vindáshlíð voru keyptar nýjar dýnur í barnaherbergin í gamla húsi (Eskihlíð, Lækjarhlíð, Víðihlíð), alls 18 dýnur. Skipt var um lyklakerfi á öllum húsum og drenað fyrir austurvegg gamla húss. Klæðningin í herbergjum gamla húss var endurnýjuð undir gluggum, en hún var farin að láta á sjá. Borið var á alla glugga og gluggakistur í gamla húsi, sem og panelinn á göngunum þar. Þá smíðaði Baldvin Vigfússon ný tunnugrill sem voru tekin strax í notkun.

Í smíðum er nýr skápur í matsal sem verður tilbúin fyrir sumarið. Skápurinn er opnaður og inn í hann er rennt hillu sem í eru settar grindur beint úr uppþvottavélinni og geyma nýpvegið leirtau og búsáhöld. Þar með þarf ekki lengur að tína upp úr grindunum og raða inn í skáp, heldur er öllum herlegheitunum rennt inn og lokað.

Sumarstarf

Dvalarflokkar

Flokkar sumarsins voru

Flokkur	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
1. Flokkur	10. júní–14. júní	9–11	5	89
2. Ævintýraflokkur	15. júní–20. júní	11–13	6	87
3. Flokkur	22. júní–27. júní	10–12	6	89
4. Ævintýraflokkur	29. júní–4. júlí	12–14	6	86
5. Flokkur	6. júlí–11. júlí	10–12	6	85
6. Flokkur	13. júlí–18. júlí	9–11	6	56
7. Óvissuflokkur	20. júlí–25. júlí	13–15	6	70
8. Skapandi stelpur	4. ágúst–8. ágúst	10–12	5	56
9. Ævintýraflokkur	10. ágúst–15. ágúst	11–13	6	87
10. Kvennaflokkur	28. ágúst–30. ágúst	18–99	3	30.
11. Mæðgnaflokkur	18. sept.–20. sept.	6–99	3	90

Sumarið 2015 voru þrír ævintýraflokkar, tveir fyrir 11–13 ára og einn 12–14. Einn svo kallaður óvissuflokkur var ætlaður unglingum 13–15 ára. Í annað sinn var flokkur fyrir 10–12 ára stelpur þar sem lögð var áhersla á listræn gildi og er flokkur sá nefndur Skapandi stelpur. Þetta sumarið var lagt mest upp úr leiklist. Forstöðukonan í Skapandi stelpum var Sólrún Ásta Steinsdóttir.

Í hverjum dvalarflokki er guðsþjónusta sem telpurnar taka þátt í með ýmsum hætti.

Sjálfboðaliðaflokkur

Þriðji flokkur sumarsins var skipaður sjálfboðaliðum. Auður Pálsdóttir var forstöðukona og Arna Auðunsdóttir ráðskona. Aðrir starfsmenn voru: Bára Sigurjónsdóttir, Sólveig Eirný Sveinsdóttir, Fjóla Dögg Halldórsdóttir, Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Halla Marie Smith, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Jessica Andrésdóttir, Lára Halla Sigurðardóttir, Salóme Jörunn Bernharðsdóttir og Sunna Gunnlaugsdóttir.

Aðstoðarforingjar sumarsins voru: Aldís Björk Ingadóttir, Anna Karen Pálsdóttir, Álfheiður Stella L. Ákadóttir, Ástrós Sigurjónsdóttir, Edda Björk Pétursdóttir, Ester Helga Harðardóttir, Helena Hafsteinsdóttir, Inga Steinunn Henningsdóttir, Inga Guðrún Ragnarsdóttir, Katrín Edda Möller, Kristín Auður Stefánsdóttir, Kristný Eiríksdóttir, Linda Sjöfn Alexdóttir, María Kristín Árnadóttir, Rebekka Ýr Guðbjörnsdóttir, Sandra Rós Sigurðardóttir Wiium og Steinunn Anna Másdóttir.

Þá kom dyggur hópur sjálfboðaliða að starfinu í vinnuflokkum og tók þátt í að gera staðinn tilbúinn til þess að taka við glöðum börnum.

Viðburðir og vinnuflokkar

Árlegt páskabingó var haldið laugardaginn 14. mars á Holtavegi. Þar komu saman glaðar stúlkur á öllum aldri.

Vinnuflokkar voru haldnir í maí. Þátttaka var nokkuð dræm en samt sem áður miklu komið í verk.

Upphaf starfs

Í ár var ákveðið að starfsfólk sumarsins kæmi í Vindáshlíð og hæfi störf tveimur dögum fyrir fyrsta flokkinn. Tíminn var nýttur vel, meðal annars til að kynna betur húsakynnum og samstarfskonum. Betsy Halldórsson kom í heimsókn og sagði sögur frá starfinu, t.d. frá bingósöfnuninni góðu og flutningi kirkjunnar í Vindáshlíð. Kvöldið áður en fyrsti flokkurinn hófst var öllu starfsfólki sumarsins boðið í mat í Hlíðinni. Við það tækifæri var kennt á brunakerfið, sem að sjálfsögðu allir þurfa að þekkja vel, og farið yfir önnur mikilvæg öryggisatriði.

Kaffisala

Hin árlega kaffisala var í Vindáshlíð sunnudaginn 7. júní. Kaffisalan hófst á guðsþjónustu í kirkjunni. Prestur var sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.

Kvennaflokkur

Kvennaflokkurinn var 28.–30. ágúst. Yfirskrift helgarinnar var Japan og kristni og var helgin með japönsku yfirbragði. Á föstudag kom hópur frá Aikido-félaginu í Reykjavík og kynnti og sýndi þá fornu bardagalist á kvöldvöku og Karítas Hrunnar Pálsdóttir talaði um Japan og ferðina þangað, en hún dvaldi þar þennan vetur. Sr. Adda Steina Björnsdóttir flutti hugleiðingu. Á laugardegnum talaði Auður Pálsdóttir formaður KFUM og KFUK út frá sögunni um Davíð



og Góliat. Um miðjan dag var boðið upp á kennslu í origami og hvernig gera mætti sushi. Á kvöldvöku var lesin kveðja frá Leifi Sigurðssyni og fjölskyldu, en þau stunda kristnið í Japan. Björg Þórhallsdóttir söng við undirleik Hilmar Arnar Agnarssonar. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir flutti hugleiðingu.

Á sunnudeginum messaði sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, og fræddi um japanska kirkju. Undirleik annaðist Guðný Einarsdóttir.

Ráðskona í kvennaflökki var Fjóla Sæbjörg Ólafsdóttir, en aðrir starfsmenn voru Aldís Helga Björgvinsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir og Kristín Axelsdóttir.

Mæðgnaflokkur var helgina 18.–20. september fyrir allar mæðgur sex ára og eldri. Stjórnandi flokksins var Anna Arnardóttir og með henni var friður flokkur skemmtilegra foringja. Á dagskrá var ratleikur og brennó, eins og hefð er fyrir í Hlíðinni, gönguferðir og handavinna. Um kvöldið var kvöldvaka að vanda. Verslunin Spilavinir kynntu spil og stóðu fyrir spilastund á föstudagskvöldið. Eftir kvöldvökuna var dagskrá fyrir unglingana í íþróttahúsinu, en bíómynd á laugardagskvöldið. Helgin endaði á helgistund í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð.

Aðrir starfsmenn helgarinnar voru Arna Auðunsdóttir, Ásta Þorbjörnsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Berglind Ósk Einarsdóttir, Fjóla Dögg Halldórsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Kristín Axelsdóttir, Sigríður Guðlaug Halldórsdóttir og Þuríður Hearn. Ráðskonur voru Halla Björg Grímsdóttir og Sigríður Guðlaug Halldórsdóttir.

Mæðgnahelgi

Mæðgnahelgin gekk vel og þessar helgar hafa verið vinsælar og þátttakendum fer fjölgandi. Reyndar var þátttakan svo góð í ár að flokkurinn var fullur og vel það. Yfir 90 mæðgur voru skráðar, sem er meira en tvöfaldur fjöldi árið áður og fjórfaldur ársins þar á undan, 2013. Ljóst var að þröngt yrði á þingi, en ákveðið var að leyfa öllum skráðum að koma og fjölga frekar starfsfólki. Skipt var niður í herbergi áður en mæðgurnar komu á staðinn, og var það nýbreytni. Fallið var frá hugmynd um að tvískipta borðhaldi og voru allir saman í matartímanum, þótt þröngt væri á þingi. Mikið var fönðrað um helgina og var boðið upp á margar stöðvar í einu til að mæta fjöldanum. Hugmyndir eru uppi um að bjóða tvær helgar næst með sextíu þátttakendum að hámarki.



Fyrsti AD-KFUK fundur vetrarins

Fyrsti AD-KFUK fundur vetrarins var að venju í Vindáshlíð. Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 6. október. Í kvölverð var matarmikil súpa og að henni lokinni hófst kvöldvaka með léttu sniði. Jónína Rós Guðmundsdóttir, deildarstjóri í Norðlingaskóla og fyrrum forstöðukona í Vindáshlíð, deildi minningum úr Vindáshlíð. Hinn einstaki tónlistarmaður Ingunn Huld Sævarsdóttir söng og flutti hugvekj.

Þakkargjörðarhátíð

Öllu starfsfólki og sjálfboðaliðum sumarsins var boðið til þakkargjörðarhátíðar þann 28. október. Veislan var haldin í húsaýnnum Veðurstofu Íslands. Nokkrar konur úr stjórn Vindáshlíðar, undir öruggri leiðsögn Jessicu, elduðu dýrindis kalkún og gómsætt meðlæti. Ingunn Huld söng nokkur lög. Mæting var góð og ánægja og gleði einkenndi kvöldið.

Jólatrjáasala

Hin árlega sala á jólatrjáum í Vindáshlíð átti að vera laugardaginn 5. desember en hún féll niður vegna veðurs og ófærðar.

Árshátíð

Árshátíð Hlíðarmeyja var haldin á Holtavegi 14. febrúar. Um 50 stelpur mættu og skemmtu sér vel. Í boði var happdrætti með glæsilegum vinningum og aðalvinningurinn var dvöl í Vindáshlíð. Boðið var upp á prins póló og svala.

Útleiga

Vindáshlíð hefur verið leigð út undanfarin ár að vetrarlagi og hafa ýmsir hópar notfært sér það. Vindáshlíð var þó lokuð frá miðjum nóvember og fram í mars, en kostnaður við að kynda húsin á þeim árstíma er mjög mikill.

Gjafir og styrkir

Haglekssmiðurinn og völundurinn Willy Petersen skar út vegvísi sem settur var upp að vori til að vísa á reiðgötuna sem liggur frá þjóðvegi, upp eftir hliðinni norðanverðri og upp að hliðinu sem er efst í girðingunni umhverfis Vindáshlíð og opnast til Sandfells. Reiðgata þessi er gamli þjóðvegurinn yfir í Hvalfjörð.

Kristín Axelsdóttir gaf ýmis eldhúsahöld í eldhúsið.

Stjórn Vindáshlíðar kann öllum þessum bestu þakkir fyrir stuðning og hlýhug.



Ölver

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Ölvers var haldinn 10. mars 2015.

Stjórn Ölvers á starfsárinu var skipuð af:

Póra Björg Sigurðardóttir, formaður
Drífa Kristín Sigurðardóttir, ritari
Guðni Már Harðarson, gjaldkeri
Kristján Sigurðsson, meðstjórnandi
Erla Björg Káradóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
Póra Jenný Benónýsdóttir, varamaður
Aníta Eir Einarsdóttir, varamaður

Skoðurnarmenn reikninga voru:

Einar Helgi Ragnarsson
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir (fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi)

Fjöldi stjórnarfunda á árinu voru sjö

Fundirnir voru sjö talsins. Þann 30. mars, 7. maí, 12. ágúst, 13. september, 21. október, 12. janúar og 15. febrúar.

Helstu verkefni stjórnarinnar á árinu voru eftirfarandi:

Helsta verkefni stjórnar fólust í að undirbúa sumarstarfið og sinna verkefnum er tengdum staðnum. Starfsfólk sumarsins var ráðið, viðhaldi á staðnum sinnt, flokkaskrá skipulögð og farið var yfir aðbúnað eins og húsgögn, leiktæki, spil og búninga svo eitthvað sé nefnt. Stjórnin bauð líka starfsfólki til matar í Ölver síðustu helgi vinnuflokks í byrjun sumars, sýndi þeim staðinn og fór yfir öryggisatriði. Í lok sumars bauð stjórnin starfsfólkinn í þakkarkvöldverð. Þá hélt stjórnin einnig svokallað „dömkvöld Ölvers“ þann 17. mars á Holtavegi.

Sumarstarf Ölvers 2015

Flokkaskrá sumarsins 2015 og þátttökutölur

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Kynd	Fjöldi
1 Leikjaflokkur	10.–14. júní	8–10 ára	KVK	48
2 Listaflokkur	16.–21. júní	9–12 ára	KVK	40
3 Ævintýraflokkur	22.–28. júní	10–12 ára	KVK	44
4 Leikjaflokkur	29. júní–3. júlí	8–10 ára	KVK	47
5 Ævintýraflokkur	6.–12. júlí	10–12 ára	KVK	45
6 Unglingaflokkur	14.–19. júlí	13–15 ára	KVK	37
7 Ævintýraflokkur	21.–26. júlí	10–12 ára	KVK	47
8 Krílaflokkur	27.–30. júlí	6–9 ára	KVK	32
9 Ævintýraflokkur	4.–9. ágúst	9–12 ára	KVK	25
10 Þjakkaflokkur	14.–16. ágúst	6–9 ára	KK	26
Samtals				391

Starfsmenn

Forstöðukonur: Erla Björg Káradóttir, Erna Björk Harðardóttir, Guðni Már Harðarson, Hafdís María Matsdóttir, Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Salvör Þórisdóttir og Póra Björg Sigurðardóttir.

Ráðskonur: Ásta Haralds, Erna Björk Harðardóttir, Hulda Björg Jónasdóttir, Katrín Garðarsdóttir, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, Póra Björg Sigurðardóttir og Póra Gísladóttir.

Foringjar: Agnes Þorkelsdóttir, Aníta Eir Einarsdóttir, Ásta Lilja Stefánsdóttir, Ásthildur Guðmundsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, Íris Andrésdóttir, Jóna Þórdís Eggertsdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Karítas Hrundar Pálsdóttir, Marta Andrésdóttir, Messíana Halla Kristinsdóttir, Rebekka Ingibjartsdóttir, Sandra Björk Jónasdóttir og Unnur Rún Sveinsdóttir.

Sjálfboðaliðar: Hrafnhildur Garðarsdóttir og Lára Halla Sigurðardóttir.

Ýmsir viðburðir í starfi Ölvers

Vinnuflokkar

Vinnuflokkarnir voru haldnir fjórar helgar vorið 2015. Þar mættu margir dyggir sjálboðaliðar sem eru starfinu ómissandi. Bæði var unnið að viðgerðum á útisvæði og innisvæði og allt avr gert tilbúið fyrir sumarið. Þuríður Þórðardóttir Ölversmæðsá um að skipuleggja og unnu samstilltar hendur að almennu viðhaldi, þrifu húsið hátt og lágt og fóru yfir búninga, spil, bækur og annað er tengist dagslegu starfi sumarþjóðanna.

Fjáröflun

Fjáröflunin byggðist að mestu á nokkrum viðburðum. Eins og undanfarin ár hlupu nokkrir garpar í Reykjavíkumaraþoninu laugardaginn 22. ágúst til styrktar Sveinusjóði. Daginn eftir fór kaffisala Ölvers fram og var stærsta tekjuöflunin þetta starfsárið. Dömkvöld Ölvers var haldið 17. mars og rann allur ágóðinn í Sveinusjóð. Eru við þakklát öllum sjálfbóðaliðum sem þarna lögðu af mörkum fyrir óeigingjarnt starf og trúmennsku.

Dömkvöld Ölvers 2015

Nýjungin í ár var Dömkvöld Ölvers sem haldið á Holtavegi í Reykjavík þann 17. mars 2015. Miðinn kostaði 4900 kr. fyrir manninn og gildi hann einnig sem happdrættismiði. Allur ágóðinn rann til Sveinusjóðs. Margar dömur komu og skemmtu sér vel yfir dýrindis mat og góðum skemmtiatriðum. Boðið var uppá þriggja rétta máltíð sem fyrrum stjórnarmaður Hafsteinn Kjartansson eldaði með aðstoð Eyþórs Kristjánssonar kokks. Þá sungu systurnar Erla og Rannveig Káradætur nokkur lög og svo sungu allir saman og tóku vel undir í Ölverslögunum. Í lokin hélt Guðni Már stjórnarmeðlimur hugvefju. Veislustjórinn var formaður stjórnar Ölvers, Þóra Björg Sigurðardóttir.

Kaffisala

Árleg kaffisala Ölvers var haldin sunnudaginn 23. ágúst í Ölveri. Þátttakan var frábær og safnaðist vel fyrir starfið. Yfirumsjón með kaffisölunni hafði Erla Björg Káradóttir sem fékk með sér vaskar hjálparhellur. Nokkrir starfsmenn sumarsins komu og hjálpuðu til við uppvarp. Veitingarnar komu víða að, allar frá fólki sem var fúst að leggja hönd á plóg og leggja starfinu lið.

Undirbúningsnámskeið fyrir sumarstarfsfólkið og þakkarveislukvöldverður Laugardaginn 6. júní var síðasta vinnihelgi Ölvers áður en fyrsts flokkur sumarsins kom á staðinn. Margir sumarstarfsmenn komu í Ölver, skoðuðu staðinn og fóru stjórnin yfir helstu þætti starfsins og öryggisatriði. Eldað var íslenskt lambalæri og átti hópurinn góða kvöldstund. Þann 16. september var starfsfólki svo boðið til þakkarkvöldverðar og mættu nær allir starfsmenn sumarsins heima til foreldra Erlu Bjargar sem hýstu þetta glæsilega boð. Á borð var borinn ljúffengur matur, rædd um liðið sumar og glaðst yfir góðu starfi og hlegið. Var þetta frábært kvöld í alla staði.

Sjálfbóðaliðarnir

Velunnarar Ölvers eru margir og eru það fyrst og fremst sjálfbóðaliðar sem standa undir starfinu þar. Án þeirra væri þetta ekki hægt. Þeir hjálpuðu til við að undirbúa sumarið, sjá um vetrarleiguna, kaffisölurnar og fleira. Aðstoðarforingjarnir eru líka sjálfbóðaliðar og hlutverk þeirra er að aðstoða foringjana og á sama tíma að undirbúa sig fyrir störf foringja í sumarstarfinu. Stjórnin vill enn og aftur þakka fyrir þeirra störf. Þá vill stjórnin sérstaklega þakka Þuríði Þórðardóttur fyrir störf hennar en hún hefur alfarið séð um vetrarleiguna á staðnum og er alltaf reiðubúin ef kall kemur.



Viðvarandi vatnsskortur hefur verið í Ölver síðustu sumur. Boruð var hola við íþróttavöllinn og má segja að Guð hafi vakað yfir Ölveri, því þar fannst vatn í fyrstu tilraun.

Árshátíð Ölvers

Þann 5. mars síðastliðinn var haldið svokallað Ölvers reunion á Holtavegi í Reykjavík fyrir þátttakendur sumarstarfsins. Þá hittust um 40 stelpur sem höfðu komið í Ölver sumarið áður og tóku foringjarnir vel á móti þeim með skemmtilegri samverustund sem var sett upp eins og kvöldvaka í anda Ölvers. Í lokin var boðið upp á hressingu og heim fóru sælar og hressar stúlkur.

Vetrarstarf

Á veturnar er ekkert skipulagt starf í Ölveri. Ýmsir hópar hafa leigt staðinn, t.d. kristilegir hópar og skátar, en Þuríður Þórðardóttir sér um að hafa húsið hreint. Þá fer hún líka reglulega á staðinn til að athuga hvort allt sé í lagi og því má segja að hún sé okkar vetrarhúsvörður.

Framkvæmdir

Viðhald

Á starfsárinu var almennu viðhaldi sinnt. Til dæmis var hengirúmið lagað og er nú í mjög góðu ástandi, ný eldhúsinnrétting var sett í matarbúrið, tvær nýjar útidyr voru settar í, þ.e. við aðalinngang og neðri neyðarútgang. Einnig voru settir í tveir nýir gluggar, annar í kvöldvökusalinn og hinn á annað klósettið. Í matsalinn voru einnig settar nýjar gardínur.

Vatn og borhola

Nokkur vandræði hafa verið með vatn í Ölver og um mitt sumar varð kaldavatnslaust. Gripið var til þess ráðs að hafa vatn á brúsum og baðferðir leystar með sundferðum. Í lok sumars ákvað stjórnin að ekki væri hægt að biða með frekari aðgerðir til að leysa þennan vanda. Ákveðið var að leita af vatni á svæðinu. Boruð var hola við íþróttavöllinn og má segja að Guð hafi vakað yfir Ölveri, því þar fannst vatn í fyrstu tilraun. Nú er unnið að útfærslu málsins og vonandi verður komið rennandi vatn í kranana í Ölveri í sumar. Hafsteinn Kjartansson og Ingólfur Þorbjörnsson hafa yfirumsjón með verkefninu.

Byggingarnefnd

Stjórnin skipaði árið 2014 byggingarnefnd til að sjá um uppbyggingu nýs íþróttahúss í Ölveri. Meðlimir nefndarinnar eru Lára Gunnarsdóttir, Kári Geiríugsson og Rúnólfur Þór Ástþórsson. Byggingarnefndar og stjórn Ölvers sátu saman sinn fyrsta fund árið 2015 og var næsti fundur, svokallaður hugmyndafundur, haldinn 8.–10. apríl 2015.

Hólavatn

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 17. mars 2015

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Hreinn Andrés Hreinsson, formaður
Arnar Yngvason, gjaldkeri
Jóhann Þorsteinsson, ritari
Jón Ómar Gunnarsson, meðstjórnandi
Þórður Danielsson, meðstjórnandi
Anna Elísa Hreiðarsdóttir, varamaður
Jóhanna Sigurjónsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Davíð Ingi Guðmundsson
Hanna Þórey Guðmundsdóttir

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 5 og fóru þeir oftast fram á heimilum stjórnarfólks.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Verkefni stjórnar snéru mest að undirbúningi og skipulagi sumarstarfsins en á starfsárinu var líka fagnað 50 ára afmæli sumarbúðanna og fór talsverð vinna í undirbúning og framkvæmd afmælishátíðar sem haldin var laugardaginn 20. júní. Á haustmánuðum fluttu Hreinn Andrés og Jóhanna til Noregs í ársdvöl og var samþykkt á stjórnarfundum í september að Jón Ómar Gunnarsson myndi starfa sem formaður í fjarveru Andrésar en þau hafa engu að síður verið með í tölvupóstsamskiptum og ákvörðunum sem teknar hafa verið.

Starfsmenn:

Forstaða: Arnar Ragnarsson, Guðmundur Guðmundsson, Jóhann Þorsteinsson, Jón Ómar Gunnarsson, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, Sólveig Reynisdóttir, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir og Þóra Jenny Benónýsdóttir. Ráðskonur: Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Halla Marie Smith, Jóhanna Elísa Skúladdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir.

Foringjar: Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Benjamín Gísli Einarsson, Birkir Bjarnason, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Hreinn Pálsson, Íris Andrésdóttir, Jóhanna Elísa Skúladdóttir, Pétur Ragnhildarson, Þórður Danielsson og Þórhildur Einarisdóttir.

Aðstoðarforingjar: Anna Pálsdóttir, Bára Dís Sigmarsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Marta Andrésdóttir og Sara Rut Jóhannsdóttir. Sérfræðingur í Riddaraflokki: Ásgeir Pétursson.

Sumarstarf á Hólavatni 2015

Flokkar sumarsins 2015 voru:

Fl.	Tímabil	Dagar	Aldur	Fjöldi
1	Riddarafl.	5.–8. júní	10–13 ára	8
2	Frumkvöðlafl.	11.–13. júní	7–9 ára	18
3	Flokkur KVK	15.–19. júní	8–11 ára	31
4	Flokkur KVK	22.–26. júní	8–11 ára	33
5	Flokkur KK	29. júní–3. júlí	8–11 ára	30
6	Ævintýrafl. KK	6.–10. júlí	11–14 ára	21
7	Ævintýrafl. KVK	13.–17. júlí	11–14 ára	29
8	Listafl. KVK	20.–24. júlí	9–12 ára	30
9	Meistarafli. bæði	24. –27. júlí	13–16 ára	34
Samtals:				234

Yfirlit starfs

Sumarið 2015 var boðið upp á níu dvalarflokkar líkt og árið á undan. Aðsókn dróst eilítið saman á milli ára og er það í fyrsta sinn í nokkurn tíma. Það kann að vera að 8% hækkun dvalargjalda á milli ára hafi haft þar áhrif en ekki er gott um að segja hvað veldur. Það ánægjulega var að unglingsflokkur sumarsins var yfirfullur og komust færri að en vildu. Veðráttan var okkur ekki mjög hliðholl og þarf að fara langt aftur til að finna jafn kaldan júlímánuð. Við vorum lánsöm með starfsfólk og fengum enn eitt sumarið að hafa reynsluboltana Hrein Pálsson og Pétur Ragnhildarson í foringjaldinu en að auki var óvenjumargt af nýju fólki sem ekki hafði verið áður við Hólavatn en hafði góða starfsreynslu úr öðrum sumarbúðum KFUM og KFUK. Við sem störfum í stjórn Hólavatns sjáum svo vel hve mikils virði það er þegar hæfileikaríkt og ungt fólk gefur kost á sér til sumarstarfa á Hólavatni og erum við öllu þessu góða fólki þakklát fyrir þeirra störf fyrir Hólavatn.



Frá 50 ára afmælishátíð Hólavatns 20. júní 2015.

Fjölskylduhátíð á 50 ára afmæli Hólavatsns

Í tilefni af 50 ára vígsluafmæli sumarbúða KFUM og KFUK við Hólavatn var haldinn afmælisfögnuður laugardaginn 20. júní. Dagskráin hófst með því að 14 manns hjóluðu frá Akureyri og fram á Hólavatn tæplega 40 kílómetra leið. Klukkan tvö hófst svo hátíðardagskrá í blíðskaparveðri. Jóhann Þorsteinsson, ritari stjórnar Hólavatsns, bauð gesti velkomna og rifjaði upp í stuttu máli aðdraganda og upphaf sumarstarfs við Hólavatn. Því næst flutti Auður Pálsdóttir, formaður KFUM og KFUK á Íslandi, kveðju frá stjórn og afhenti Hreini Andrési Hreinssyni, formanni stjórnar Hólavatsns, fallegan skóld með árnaðaróskum í tilefni afmælisins. Fleiri afmæliskeiðir bárust og jafnframt voru sungnir Hólavatnssöngvar. Dagskráin endaði með því að Auður Pálsdóttir gerði Guðmund Ómar Guðmundsson að heiðursfélaga KFUM og KFUK á Íslandi fyrir óeingingjarnt og farsælt starf í þágu félagsins um áratuga skeið. Sannarlega ánægjuleg viðurkenning enda Guðmundur verið ein af helstu burðarstöðum félagsstarfsins á Norðurlandi um langt skeið. Að ræðuhöldum loknum var gestum boðið upp á afmælisöku og kaffi og svo tóku við bátsferðir, vatnabolti og leiktæki. Gestir nutu veðurbliðunnar fram eftir degi og í lok dags fór starfsfólkið saman og gróðursetti 80 furutré, 4 Reynivíðartré og 80 aspir. Sannarlega góður endir á 50 ára afmælisdeginum að gróðursetja tré fyrir framtíðina.

Kaffisala og ljósmyndasýning

Árleg kaffisala sumarbúðanna Hólavatsni fór fram sunnudaginn 16. ágúst kl. 14.30–17.00. Fjölmargt var í boði fyrir alla fjölskylduna, útileiktæki, bátar o.fl. Á kaffisölunni voru til sýnis og sölu fuglamyndir Eypórs Inga Jónssonar en söluandvirði myndanna rann til sumarbúðanna. Sýningin bar yfirskriftina „Fuglar í nágrenni Hólavatsns“ og var styrkt af Menningarsjóði Akureyrar og í tilefni 50 ára afmælis Hólavatsns.

Aðrir liðir í starfi Hólavatsns

Fermingarnámskeið

Í ágúst var boðið upp á fjögur fermingarnámskeið, en þrír hópar komu frá Glerárkirkju og einn sameiginlegur hópur frá sóknum í Eyjafjarðarsveit og frá Ólafsfjarðarkirkju. Starfsmenn á námskeiðunum voru Jóhann Þorsteinsson, Pétur Ragnhildarson, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir. Mikil ánægja er með þessi námskeið og standa vonir til að hægt verði að bjóða fleiri söfnuðum á Eyjafjarðarsvæðinu að koma með hópa í framtíðinni.

Útleiga

Á haustmánuðum var að venju nokkuð um útleigu en Verkmennaskólinn á Akureyri fór í tvær dagsferðir með stóra hópa nýnema og nýtti sér aðstöðuna í byrjun september, fór á báta, grillaði og leysti ýmis verkefni sem kennarar skólans hafa útbúið.

Skálaferðir nýnema við Menntaskólann á Akureyri voru á sínum stað en foreldrafélagið við Menntaskólann sér um skipulag og framkvæmd og dvöldu níu hópar í sólarhring á Hólavatsni í október og nóvember og er það ánægjulegt að nýta megí staðinn með þessum hætti.



Framkvæmdir

Framkvæmdir voru ekki ýkja miklar á starfsárinu, annað en minniháttar viðhald. Keyptir voru tveir nýjir Tehry árabátar og tveir nýir vatnaboltar sem alltaf eru jafn vinsælir. Þá var lagður inn í hús nýr ljósleiðari sem tekinn verður í notkun sumarið 2016. Framundan eru nokkur verkefni í viðhaldi á ytra byrði eldra húss en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær farið verður í það.

Gjafir og styrkir

Styrkir til Hólavatsns hafa líkt og undanfarin ár verið rúmlega eitt hundrað þúsund krónur frá Akureyrarbæ og endurgreiðsla fasteignagjalda frá Eyjafjarðarsveit. Þar að auki bárust sumarbúðunum nokkur upphæð í tengslum við 50 ára vígsluafmæli sumarbúðanna. Sótt var um styrk í Menningarsjóð Akureyrar fyrir ljósmyndasýningu Eypórs Inga og fékkst 100 þúsund króna styrkur í það verkefni. Þá styrkti Samherjasjóður útgerðafélagsins Samherja Hólavatn um 500 þúsund og var sá styrkur veittur við hátíðlega athöfn í lok desember. Ánægjulegasti styrkurinn var samt án efa framlag frá Mæðrastyrksnefnd Akureyrarbæjar sem styrkti nokkur börn frá efnaminni heimilum og gerði þeim þannig kleift að dvelja í flokk á Hólavatsni. Þar var um samstarfsverkefni að ræða og var þetta úrræði auglýst í sumarbúðaauglýsingum í Sjórnvarpsdagskránni og gott til þess að vita að hægt sé að stuðla að því að öll börn geti átt möguleika á sumarbúðadvöl, óháð efnahag.

Lokaorð

50 ára saga sumarbúðanna við Hólavatn er kraftaverkasaga. Blessun Drottins hefur hvílt yfir öllu starfi Hólavatsns og erum við Guði þakklát fyrir alla þá sem hafa lagt sitt að mörkum, sjálfbóðaliðum, starfsfólki, foreldrum og ekki síst börnunum sjálfum sem á hverju sumri glæða staðinn lífi og gleði og minna okkur á hve mikilvægt verk það er sem við höfum að sinna. Framundan er áframhaldandi uppbyggingarstarf og því þarf að sinna af alúð og festu. Um leið og við fögnum hálfra aldar afmæli Hólavatsns horfum við jákvæð framvegin og hlökkum til að taka á móti ennþá fleiri börnum í sumarparadis.

*Akureyri í mars 2016,
Jóhann Þorsteinsson, ritari stjórnar Hólavatsns.*

Kaldársel

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Kaldársels 2015–2016 skipuðu:

Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, formaður
Ástríður Jónsdóttir, ritari
Arnór Heiðarsson, gjaldkeri
Anna Arnardóttir, meðstjórnandi
Arnór Bjarki Blomsterberg, meðstjórnandi
Berglind Hönnudóttir, varamaður
Stefanía Steinsdóttir, varamaður

Fundir stjórnar á árinu voru 8

Sumarstarf

Sumarstarfið í Kaldárseli gekk vel í sumar þrátt fyrir að skráning hefði mátt vera meiri. Góður andi var meðal starfsfólksins og gott samstarf milli starfsfólks og stjórnar. Talsvert færri voru skráðir í sumarbúðirnar í ár miðað við árið 2014 en alls voru 84 skráðir í 220 pláss sem til boða stóðu í sumar. Til samanburðar má sjá að sumarið 2014 voru 123 þátttakendur skráðir og árið 2013 voru 91 skráður. Fella þurfti niður síðasta leikjánaðmskeiðið vegna dræmrar skráningar.

Flokkaskrá Kaldársels sumarið 2015 og þátttaka eftir flokkum:

1. Stelpur 8–11 ára:	15
2. Strákar 8–11 ára:	20
3. Stelpur 8–11 ára:	17
4. Stelpur í stuði:	13
5. Leikjánaðmskeið 6–9 ára:	19
6. Leikjánaðmskeið 6–9 ára:	felld niður

Starfsfólk sumarsins:

Aníta Ómarsdóttir
Anna Arnardóttir
Ásgerður Birna Halldórsdóttir
Brynja Eiríksdóttir
Egill Erlingsson
Elísabet Bjarnadóttir
Helga Helena Sturlaugsdóttir
Hrafnhildur Emma Björnsdóttir
Ingeborg Eide Garðarsdóttir
Ísabella Theódórsdóttir
Jóna Þórdís Eggertsdóttir
Kristófer Ásgeirsson
Ragnheiður Freyja Guðmundsdóttir
Sigríður Jóna Gunnarsdóttir
Steinunn Ýr Randversdóttir
Særun Ómarsdóttir
Þórey Björk Aradóttir
Purður Hearn

Matvinnungar:

Guðrún Linda Austfjörð Sigurðardóttir
Hrafnhildur Emma Björnsdóttir
Lena Inaba Árnadóttir
Róbert Ingi Þorsteinsson

Auglýsingar og kynningarstarf

Sameiginlegt kynningarstarf fer fram með öðrum sumarbúðum KFUM og KFUK. Þar má nefna skráningarsíðuna sumarfjor.is, umarbuðablaðið (sjá kafla um útgáfu- og kynningarmál) og almennar auglýsingar.

Þá nýtir stjórnin samfélagsmiðla og sem dæmi má nefna hefur verið mikil aukning á virkni og vinum Kaldársels á Facebook.



Geirlaugur Sigurbjörnsson formaður Kaldársels ásamt Baldri Ólafssyni á 90 ára afmælishátíð Kaldársels.



Fjölbreytt dagskrá var á 90 ára afmælishátíð Kaldársels. Hér er Anna Arnardóttir að stjórna leik með börnunum.



Viðhald húss og lóðar

Af þeim viðhaldsverkefnum sem farið var í á árinu má nefna:

- Eldhús tekið í gegn og þrifið, málað og skipt um loftljós.
- Nýjar garðinur.
- Nýr kæli í matargeymslu.
- Endurskipulagning á innréttingum í ræstikompú.
- Ný þvottavél
- Almenn viðhald.

Vetrarleiga

Kaldársel hefur verið leigt undir leikskóla síðustu vetur og önnur vetrarleiga því lítil nema í undantekningartilfellum.

Vegna niðurskurðar Hafnafjarðarbæjar verður starfsemi leikskóladeildar í Kaldárseli hætt frá og með lokum vorannar 2016. Verkefni næstu stjórnar verður að bregðast við þessari miklu breytingu.

Vinnuflokkur 12.–14. júní 2015

Árlegur vinnuflokkur var haldinn til að undirbúa staðinn fyrir sumarið. Fámennt en góðmennt var í flokknum og var húsið þrifið, leiktæki og aðföng endurnýjuð. Einnig voru gerð ný vaktaplön, þrifaplön og starfið efnislega undirbúið. Kaldársel þakkar öllum þeim sem komu að undirbúningi sumarstarfsins kærlega fyrir.

Vorhátíð 26. apríl 2015

Yfir 100 gestir komu á vorhátíð í Kaldárseli sem haldin var í fallegu veðri. Boðið upp á léttar veitingar, andlitsmálningu, leiki og hellaferð og var dagurinn hinn ánægjulegasti.

90 ára afmælishátíð 28. júní 2015

Vegleg afmælishátíð var haldin 28. júní í tilefni af 90 ára afmæli Kaldársels. Á þriðja hundrað manns lögðu leið sína í Kaldársel til að gleðjast með Kaldæingum. Boðið var upp á hamborgara, pylsur, afmælistökur og grillaða sykurpúða. Ásgeir Páll Ágústsson var veislustjóri og stýrði dagskrá á útisviði af alkunnri snilld. Gamlir Kaldæingar stigu á stökk, m.a. Ómar Ragnarsson og Elin Sif Halldórsdóttir.

Starfsmannahátíð 29. nóvember 2015

Starfsmönnum og velunnurum Kaldársels var boðið á jólahlaðborð og spilakvöld á Holtaveginum. Stjórnin sá um að elda matinn, skreyta og stjórna spilamennsku. Vel var mætt og kvöldið hið ánægjulegasta.

Sjálfbóðaliðar

Kaldársel er svo lánsamt að eiga góða að og voru sjálfbóðaliðastörfin af ýmsum toga, bæði við þrif og undirbúning hússins.

Að öðrum ólöstuðum ber sérstaklega að nefna Bjarna Árnason sem málaði og lakkaði utanhúss fyrir sumarið auk maka stjórnar sem tóku fullan þátt í undirbúningi og framkvæmd allra viðburða.

Kaldársel þakkar öllum sjálfbóðaliðunum fyrir óeigingjarnt starf á árinu.



KFUM og KFUK á Akureyri

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Markmið starfsins

Í lögum starfsstöðvarinnar segir, að markmið starfsins eigi að vera að:
„... leitast við að vekja og efla trúarlegt og siðferðilegt líf ungs fólks og hlynna að andlegum og líkamlegum þroska þess.“

Þess vegna býður KFUM og KFUK á Akureyri upp á félagsstarf fyrir börn og unglinga þar sem Biblíufræðsla og bænir eru fastir liðir. Á liðnu starfsári hefur verið sérstök áhersla lögð á að styðja við uppnemandi leiðtoga.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 17. mars 2015.

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru kosnar:

Katrín Harðardóttir, formaður
 Brynhildur Bjarnadóttir, gjaldkeri
 Ragnheiður Harpa Arnadóttir, ritari

Varamenn:

Sigrún Birna Guðjónsdóttir
 Valborg Rut Geirsdóttir

Skoðunarmenn reikninga voru:

Davíð Ingi Guðmundsson
 Hanna Þórey Guðmundsdóttir

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu. Jóhann Þorsteinsson, svæðisfulltrúi sat fjóra fundi stjórnar. Á milli funda voru ýmis mál rædd með tölvupóstsamskiptum.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu hafa líkt og undanfarin ár tengst barna- og unglingastarfi félagsins en markmiðið var að styðja við fundi yngri deildar að jafnaði einu sinni í mánuði. Á þessum fundum hefur gjarnan verið boðið upp á handverk eða föndur. Um mitt ár 2015 samþykkti Samfélags- og mannréttindaráð Akureyrarbæjar að framlengja styrktarsamning um eitt ár en því miður var eina hækkunin vísitöluhækkun frá fyrri samningi. Í byrjun árs 2016 fóru því formaður og gjaldkeri stjórnar, ásamt svæðisfulltrúa, í viðtalstíma bæjarfulltrúa þar sem áréttuð var ósk félagsins um aukinn fjárhagslegan stuðning Akureyrarbæjar við starf félagsins. Fór það mál inn á fund Bæjarráðs sem vísaði erindinu til frekari úrvinnslu hjá Samfélags- og mannréttindaráði og þaðan hafa borist þau svör að málið sé enn í vinnslu og allir styrktarsamningar í endurskoðun. Vonandi mun þessi vinna skila auknum stuðningi bæjarins en það er þó ennþá óljóst þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Starfsemi starfsstöðvar

Starfsstöðin á Akureyri leggur fyrst og fremst áherslu á barna- og unglingastarf. Líkt og árið á undan er unglingadeildin í samstarfi við Glerárkirkju og var á starfsárinu gerður samningur við kirkjuna um áframhaldandi samstarf. Þá hefur áfram verið stutt við yngrideildarstarf á Dalvík og Ólafsfirði í samstarfi við kirkjuna. Svæðisfulltrúi fer hálfsmánaðarlega á Dalvík og Ólafsfjörð en prestarnir sjá um aðra hverja samveru á móti. Ánægjulegt er að nýir ungleiðtogar sem búsettir eru á Dalvík og í Ólafsfirði hafa aðstoðað í vetur og mikilvægt að hlúa að þeim og styðja því mikilvægt er að eignast framtíðar leiðtoga sem eru á heimavelli. Á liðnu hausti varð til nýr vaxtarsproti í starfi KFUM og KFUK á

Akureyri en það er framhaldsskólastarfi sem nokkrir ungleiðtogar ákváðu að stofna. Á fyrsta fundi í ágúst var ákveðið að gefa þessu nýja starfi nafn og kallast það Klúbburinn. Skipuð var sex manna stjórn og hafa samverur verið vikulega á föstudagskvöldum í vetur. Afar ánægjulegt er hve vel þessi nýja deild er sótt en að jafnaði mæta 10–15 ungmenni í hverri viku en hátt í 30 manns hafa komið einu sinni eða oftar í vetur.

Framkvæmdir

Á starfsárinu var skipt um eitt salerni, sýningartjald endurnýjað og skrifstofa svæðisfulltrúa var máluð.

Starfsfólk

Jóhann Þorsteinsson, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á Norðurlandi, hefur skrifstofuaðstöðu í Sunnuhlíð, félagsheimili starfsstöðvar félagsins á Akureyri, og heldur utan um barna- og unglingastarfið á Norðurlandi. Starfshlutfall hans á starfsárinu var 50%.

Yfirlit starfs

Eftirfarandi deildir voru starfræktar á Norðurlandi:

Unglingadeild í samstarfi við Glerárkirkju – skráðir voru 25, en meðaltalsmæting á fund var um 8 unglingar. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Jón Ómar Gunnarsson og Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir. Auk þess tók Eydis Ösp Eypórsdóttir, djáknanemi í starfsnámi, þátt í nokkrum samverum á haustmisseri.

Leikjafjör KFUM – skráðir voru 16, en meðaltalsmæting var 5 drengir. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Guðlaugur Sveinn Guðlaugsson og Pétur Benedikt Sigurðsson.

Leikjafjör KFUK – skráðar voru 26, en meðaltalsmæting á fund voru 12 stúlkur. Leiðtogar: Sigrún Birna Guðjónsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Bára Dís Sigmarsdóttir, Sara Rut Jóhannsdóttir, Telma Guðmundsdóttir, Margrét Ída Ólafsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.

Klúbburinn, framhaldsskólastarfi KFUM og KFUK – Tæplega þrjátíu framhaldsskólanemar hafa tekið þátt í starfinu í vetur en að meðaltali hafa verið um 10 unglingar á hverri samveru. Stjórn Klúbbsins skipa: Ída Hlín Steinþórsdóttir formaður, Telma Guðmundsdóttir ritari, Sara Rut Jóhannsdóttir gjaldkeri, Bára Dís Sigmarsdóttir skemmtanastjóri, Margrét Ída Ólafsdóttir varaformaður, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, kynningarfulltrúi.

Leikjafjör KFUM og KFUK á Dalvík – Skráð 35 börn en meðaltalsmæting um 20. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Oddur Bjarni Þorkelsson, Sara Rut Jóhannsdóttir, Telma Guðmundsdóttir, Margrét Ída Ólafsdóttir, Guðrún Katrín Ólafsdóttir, Steinunn Ósk Ólafsdóttir og Svanbjörg Anna Sveinsdóttir.

Leikjafjör KFUM og KFUK í Ólafsfirði – Skráð 13 börn en meðaltalsmæting um 7. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Sigríður Munda Jónsdóttir, Sara Rut Jóhannsdóttir, Telma Guðmundsdóttir, Margrét Ída Ólafsdóttir, Guðrún Fema Sigurbjörnsdóttir, Halla Karen Johnsdóttir og Tinna Kristjánsdóttir.

Fullorðinsstarf

Nokkrar samkomur voru haldnar á árinu, m.a. í samstarfi við kristniboðsfélagið, aðventusamkoma og haldið var sérstakt konukvöld á konudeginum. Frá síðastliðnum áramótum hafa mánaðarlegar bænastundir verið haldnar í Sunnuhlíðinni.

Aðrir viðburðir á árinu

Vorhátíð og upphaf skráningar í sumarbúðir var miðvikudaginn 25. mars og var opið hús í félagshúsnæðinu í Sunnuhlíð frá kl. 18 til 20. Nokkuð var um skráningar en boðið var upp á andlitsmálun og lukkuhjóli sem vakti talsverða ánægju.

Námskeið og þjálfun starfsfólks og sjálfbóðaliða

Á starfsárinu tóku ungleiðtogar þátt í tveimur leiðtoganámskeiðum. Í nóvember var námskeiðshelgi í Vindáshlíð og í janúar í Vatnaskógi.

Útleiga

Nokkuð var um útleigu salarins fyrir fermingar- og skírnarveislur, auk þess sem hópur kvenna frá Dalvík hefur fengið að nota salinn fyrir kaffisþjall einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Gjafir og styrkir

Á starfsárinu naut félagið styrkja frá Samfélags- og mannréttindaráði Akureyrarbæjar og er þar annars vegar um að ræða framlag vegna æskulýðsstarfsins og hins vegar endurgreiðsla á hluta fasteignagjalda. Þar að auki fékkst sérstakur styrkur úr Æskulýðssjóði upp á eitt hundrað þúsund til eflingar á nýju starfi fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri. Heiðursbjólin Guðmundur Ómar og Anna Ingólfssdóttir héldu uppteknum hætti og gáfu félaginu mikla og trúfasta vinnu sína við þríf á húsnæðinu í Sunnuhlíð allt starfsárið.

Undir lok starfsársins var félagsmönnum KFUM og KFUK á Akureyri sent bréf þar sem þeir voru hvattir til að leggja starfinu lið með fyrirbænum, fjárframlagi, eða á annan hátt.

Lokaorð

Þótt fullorðinsstarf félagsins sé rólegt um þessar mundir þá má gleðast yfir góðu barna- og unglingastarfi. Einkum er ánægjulegt hvað ungleiðtogarnir standa sig vel og sýna starfinu áhuga og tryggð. Gott starf KFUM og KFUK á Íslandi við leiðtogaþjálfun á þar að líkindum þátt að máli og er það þakkar vert. Einnig er samstarf við Glerárkirkju, Dalvíkurprestakall og Ólafsfjarðarkirkju til blessunar. Starf meðal framhaldsskólanema er langþráð bænastar og frábært hversu vel unga fólkið stendur þar að málum. Það er sem áður ómetanlega dýrmætt fyrir allt starf KFUM og KFUK á Akureyri að njóta starfskrafta Jóhanns Þorsteinssonar svæðisfulltrúa KFUM og KFUK á Norðurlandi. Guði sé lof og dýrð fyrir allt gott á liðnu starfsári og megi hann leiða, efla og blessa félagið á næsta starfsári.

„Verið í mér, þá verð ég í yður. Greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér nema hún sé á vínviðnum. Eins getið þér ekki heldur borið ávöxt nema þér séuð í mér.“ (Jóh. 15:4)

*Fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK á Akureyri,
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, ritari*



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 21. mars 2015

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Bára Viðarsdóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Ísak Máni Jarlsson, meðstjórnandi
Ásgeir Þór Þorvaldsson, meðstjórnandi.

Skoðunarmenn reikninga voru:

Klara Þórhallsdóttir
Þorsteinn Arnórsson

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt þrjá fundi á starfsárinu. Helstu verkefnið fólst í því að endurgera leigusamninga, annars vegar við leigjanda á íbúð sem er á efri hæð félagshússins og hins vegar við Myndlistafélag Vestmannaeyja sem leigir sal og eldhúsaðstöðu af KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Þá voru málefni er varða endurbætur á húsnæðinu einnig í brennidepli en Vestmannaeyjabær mun koma að endurbótum á klóaki. Það er eftir því að þær framkvæmdir hefjist en að þeim loknum stendur til að klæða syðri hluta hússins en þær framkvæmdir verða styrktar af Vestmannaeyjabæ.

Einnig stendur til að KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum í samstarf við Myndlistafélag Vestmannaeyja máli húsnæðið að utan á sumarmánuðum.

Framkvæmdir

Myndlistafélagið hefur tekið ríkulega til hendinni í sal húsnæðisins og lagfært það sem þurft hefur að laga. Þar má nefna að lýsing hafi verið endurbætt, lagfærðir hafa verið gluggar og ofnar.

Opið hús

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild. Í vetur var ein deild fyrir 8. og 9. bekk. Á fimmtudagskvöldum var opið hús í húsnæði félagsins við Vestmannabraut og sóttu það 15 unglingar í hverri viku. Leiðtogarnir Ásgeir Þór Þorvaldsson og Ísak Máni Jarlsson hafa haldið vel utan um starfið á opnu húsunum og eiga heiður skilið fyrir það. Þeir hafa útbúið góðan spilasal í sjómannastofu þar sem hópurinn kemur saman og nýtur sín vel. Einnig starfrækja þeir spílaklubb sinn þar á öðrum tímum.

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja um 25 unglingar þá fundi. Krakkar úr 8. bekk eru máttarstólpar starfsins. Stór hluti þeirra mun taka þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK á Íslandi á næsta starfsári.

Stakir viðburðir

Um 20 manna hópur á vegum félagsins mætti á æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi í febrúar. Mótið var vel skipulagt og gekk einstaklega vel. Dagskráin var skemmtileg, hljómsveitin góð eins og alltaf og hópurinn fór glaður og sáttur heim.

Félagið í samvinnu við Landakirkju stóð fyrir Blues Brothers messu á Æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar í Landakirkju, en þar voru lög úr kvikmyndinni um Blues Brothers flutt. Kirkjan var full af glöðu fólki sem naut tónlistarinnar í sambland við þema dagsins.

Leiðtogar félagsins aðstoðuðu við undirbúning og skipulag vorhátíðar Landakirkju líkt og endranær. Hátíðin var haldin 26. apríl og höfðu leiðtogarnir nóg að gera en mikill fjöldi barna sækir hátíðina. Leiðtogar sáu um útileiki fyrir krakkana og aðstoðuðu við að framreiða og borða pylsur þrátt fyrir að það hafi verið full kalt fyrir útiveru.

Sex leiðtogar og leiðtogaeftir á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum tóku þátt í fræðsluferð leiðtoga Kjallarnessprófastsdæmis og Suðurprófastsdæmis til Danmerkur og Svíþjóðar í ágúst 2015. Heimsóttir voru söfnuðurnir í Vangade og Vanlose í Kaupmannahöfn ásamt því að farið var í heimsókn í aðalstöðvar bæði KFUM og KFUK í Danmörku og FDF (Frivilligt Drengi- og Pige Forbund) sem eru kristleg skátasamtök í Danmörku. Einnig skellti hópurinn sér í dagsferð til Malmö í Svíþjóð og heimsótti þar Kraftstationen sem er verkefni sænsku Þjóðkirkjunnar. Þar er tekið á vanda þeirra sem eiga erfitt með að komast inn í og aðlagast samfélaginu, s.s. innflytjendur, fíklar og börn fíkla. Markmið ferðarinnar var að sjá hvernig frændur okkar í Danmörku og Svíþjóð halda utan um safnaðarstarf almennt sem og barna- og æskulýðsstarf og þannig gætum við séð hvað við gætum bætt og hvað við erum að gera vel.

Landamót Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar var haldið í Vestmannaeyjum 23.–25. október 2015. Mótið var mjög vel sótt en um 700 þátttakendur og leiðtogar sóttu Eyjarnar heim og er þetta því eitt allra fjölmennasta landsmót sem haldið hefur verið á vegum sambandsins. Almenn ánægja var með mótið þrátt fyrir erfiða Herjólfssferð til Eyja í þungri suðvestan átt frá Þorlákshöfn, en heimferð í Landaeyjahöfn bætti fyrir ferðina upp. Gísli Stefánsson æskulýðsfulltrúi Landakirkju og starfsmaður KFUM og KFUK var landsmótsstjóri.

Undanfarin ár hefur Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum í samstarfi við Landakirkju staðið fyrir öðruvísi tónlistarmessum í Landakirkju. Þann 15. nóvember var haldin öðruvísi messa með tónlist Pink Floyd sem vakti mikla lukku. Aðsókn var frábær en Landakirkja sem að jafnaði tekur um 200 manns í sæti hýsti tæplega 300 manns sóttu messuna. Setið var allstaðar sem mögulegt var að fá sæti og mikil ánægja var með framtakið.

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum hélt sína árlegu jólatónleika jóli með Elvis, þann 18. desember 2015 en tónleikarnir eru helsta fjáröflun Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Úrval okkar færustu tónlistarmanna sem og leiðtogar í starfi félagsins, alls 25 manns, gáfu vinnu sína. Góðir bakhjarlar verkefnisins útveguðu hljóðkerfi okkur að kostnaðarlausu sem og Heildverslun Karls Kristmanns gaf góðgæti með kaffinu. Allur aðgangseyririnn rann svo óskertur til félagsins.



Gjafir og styrkir

Vestmannaeyjabær styrkti starf félagsins líkt og önnur sambærilega félög um 325.000 kr.

Leiðtogar félagsins fengu styrki frá Landakirkju (90.000 kr.) og frá Kvenfélagi Landakirkju (100.000 kr.) upp í kostnað við þátttöku þeirra í fræðsluferð prófastsdæma.

Styrkveitingar starfsstöðvarinnar

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum styrkti ungmenni og og leiðtoga félagsins þrisvar sinnum á síðasta ári. Vegna þátttöku á Friðriksmótinu í Vatnaskógi, vegna þátttöku fræðsluferð prófastsdæma og vegna þátttöku á Landsmóti ÆSKP í Vestmannaeyjum.

Sjálfboðaliðar

Alma Lís Hafþórsdóttir
Arna Dís Halldórsdóttir
Ásgeir Þór Þorvaldsson
Bára Viðarsdóttir
Dagbjört Lena Sigurðardóttir
Díana Hallgrímsdóttir
Elín Elfa Magnúsdóttir
Erlingur Orri Hafsteinsson
Guðmundur Örn Jónsson
Inga Birna Sigursteinsdóttir
Ingi Þór Halldórsson
Ísak Máni Jarlsson
Kristín Auður Stefánsdóttir
Lís María Friðriksdóttir
Svanhildur Eiríksdóttir
Thelma Lind Halldórsdóttir

*Fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Gísli Stefánsson*

KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Skýrsla fyrir starfsárið 2015–2016

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 5.mars 2015

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir, formaður
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, ritari
Björk Guðnadóttir, varamaður
Erla Guðmundsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt átta fundi á starfsárinu. Verkefni stjórnar á árinu voru margvísleg og lutu bæði að húsnæðinu og starfinu sjálfu. Deildarstarfið á Suðurnesjum veturinn 2015–2016 fór fram á þremur stöðum, í fjórum deildum í félagsheimilinu í Keflavík, einni deild í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík í samstarfi við Njarðvíkurkirkju og svo tveimur deildum í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn.

Almenn umsjón með deildarstarfinu var í höndum stjórnar sem naut liðsinnis margra sjálfboðaliða. Ánægjulegt var að mjög vel gekk að fá leiðtoga til starfa í Reykjanesbæ þennan vetur. Haldinn var leiðtogaskóli í samstarfi við Keflavíkurkirkju og sumarið 2015 voru haldin þrjú leikjanámskeið.

Þá hafði stjórnin líka yfirumsjón með viðhaldi og endurgerð félagsheimilis í Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Leiðtogar í starfinu voru:

Nafn:

Adam Sveinsson
Agnes Birta Jóhannesdóttir
Agnes Sigbórsdóttir
Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsd.
Ásta Sigríður Gísladóttir
Bergþór Örn Jensson
Birta Rún Benediktsdóttir
Björk Guðnadóttir
Björn Kristinn Jóhannsson
Blær Elíasson
Bragi Snær Einarsson
Bryndís Sunna Guðmundsd.
Brynja Eiríksdóttir
Einar Sæþór Ólason
Eliza Liv Taylor
Elín Pálsdóttir
Elvar Geir Sigurðsson
Erla Guðmundsdóttir
Eva Björk Valdimarsdóttir
Guðbjörg Telma Þorvaldsdóttir
Guðbjörg Ylfa Hammer
Gná Elíasdóttir
Haukur Arnórsson
Hákon Klaus
Helga Sveinsdóttir
Herborg Agnes Jóhannesd.
Ingunn Birna Einarisdóttir
Ívar Karl Sveinsson
Jón Kristján Harðarson
Kleópatra Árnadóttir
Kristinn Vilberg Jóhannesson
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Ólafur Þór Gunnarsson
Ólafur Þór Unnarsson
Ósk Dís Kristjánsdóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Pétur Loftur Árnason
Ragnar Sigurðsson
Sara Föster
Sigurbjört Kristjánsdóttir
Sóley Bjarnadóttir
Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir
Sveinn Valdimarsson
Unnur Ýr Kristinsdóttir
Póra Jenny Benónýsdóttir
Pórunn Kolbrún Árnadóttir

Deild:

UD
YD/UD Grindavík
UD
YD/UD Grindavík
YD Grindavík
YD M (haust)
YD K
Stjórn
VD
YD Njarðvík (vor)/YD/UD Grindavík
YD Grindavík
YD Njarðvík (haust)
VD
YD K (haust)
YD Innri-Njarðvík
YD K/UD
YD Grindavík
Leiðtogaskólinn/stjórn
VD
YD Innri-Njarðvík
YD/ Grindavík
UD- YD/UD Grindavík
YD/UD Grindavík
YD/UD Grindavík
YD K/ VD (haust)
YD/UD Grindavík
YD K
UD
YD M (haust)
YD Grindavík
YD Grindavík
UD/YD/stjórn
YD M
YD/UD Grindavík
YD Grindavík
YD/UD Grindavík
Leiðtogaskólinn
YD M (haust)
YD Grindavík
YD K/ Stjórn
Leiðtogaskóli
YD K
YD M/ stjórn
Æskulýðsfulltrúi/UD/YD Grindavík
YD Innri-Njarðvík
YD Innri-Njarðvík



Brjóstsykursgerð hjá unglingadeildinni í Grindavík.



Á starfsárinu var ráðist í mikla endurnýjun á sal félagsheimilisins að Hátúni 36. Mikið og þakkarvert framlag sjálfbóðaliða og velunnara gerði félaginu það kleift.

Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2015 voru um 260.

Deildarstarfið:

Deildarstarfið gekk vel og ánægjulegt er hvað margir leiðtogar, börn og unglingar hafa áhuga á starfinu. Dagskrá fundanna var fjölbreytt og vel hugað að hvað hentar hverju aldurshópi. Til að hafa gott upplýsingastreymi voru ýmsar fésbókarsíður nýttar af leiðtogum í deildum og einnig unglingum í starfinu. Auk þess voru reglulega settar inn fréttir og myndir af starfinu á fésbókarsíðu sem foreldrar og velunnarar starfsins á Suðurnesjum hafa aðgang að. Sú síða hefur vakið góða eftirtekt og ánægju á Suðurnesjum.

Leiðtogafræðsla:

Boðið hefur verið upp á leiðtogafræðslu í 4 ár í samstarfi við Keflavíkurkirkju. Þetta árið tóku 11 unglingar þátt. Þau útskrifast vorið 2016 eftir 2 ára nám. Markmið leiðtogaskólans er að undirbúa ungleiðtoga til að takast á við það skemmtilega og krefjandi verkefni að vera leiðtogi. Þátttakendur leiðtogaskólans þurfa að starfa sem leiðtogar til að öðlast reynslu samhliða fræðslunni, auk þess að taka þátt í leiðtoganámskeiðinu 24 stundum sem KFUM og KFUK á Íslandi biður upp á. Leiðtogaskólinn hefur skilað glæsilegum leiðtogum í starfið og teljum við þetta mikilvæga viðbót við það öfluga starf sem fyrir er.

Leikjanámskeið:

Þrjú leikjanámskeið voru í júní 2015. Umsjón var í höndum Margrétar Jóhannu Guðjónsdóttur og Ragnars Birkis Bjarkarsonar. Auk þeirra unnu á námskeiðunum 6 unglingar, þau Elín Pálsdóttir, Jón Kristján Harðarsson, Snorri Þorsteinsson, Björn Kristinn Jóhannsson, Lovísa Kristín Þórðardóttir og Hanna Björk Sigfúsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum voru 43. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman er að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil almenn ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti.

Æskulýðsfulltrúi á Suðurnesjum:

Unnur Ýr Kristinsdóttir var ráðin af KFUM og KFUK á Íslandi sem æskulýðsfulltrúi á Suðurnesjum síðastliðið haust og var mikill fengur að fá hana til liðs við okkur bæði sem starfsmann og tengilið við Þjónustumiðstöðina á Holtavegi í Reykjavík.

Önnur starfssemi:

Keflavíkurkirkja notaði félagsheimilið töluvert fyrir fermingarfræðslu Keflavíkurkirkju sem gefist hefur mjög vel undanfarin ár og unglingarnir eru ánægðir með aðstöðuna. Einnig var húsið leigt fyrir kvennaleikfimi einu sinni í viku.



Frá páskafundi KFUK í félagsheimilinu Hátúni í Keflavík.

Haldin var veisla til heiðurs Emilíu Guðjónsdóttur heiðursfélaga KFUM og KFUK á Íslandi í tilefni af 80 afmæli hennar 3. mars 2015. Margir sem tóku þátt í starfi félagsins fyrr á árum mættu henni til heiðurs.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum:

Þátttakendur í yngri deildum fóru á Brennómót yngri deilda KFUM og KFUK á Holtaveginum í mars 2015.

Óvissuferð leiðtoga var farin um vorið en þeim er boðið í þá ferð sem þakklætisvott fyrir störf sín sem sjálfbóðaliðar. Þá fóru allar yngri deildir í sína vorferð í Vatnaskóg. Fyrri hluta sumars voru þrjú leikjanámskeið haldin í húsnæði félagsins að Hátúni 36.

Um haustið var einnig fjölbreytt úrval viðburða sem þátttakendur í starfinu nýttur sér. Unglingadeildin í Grindavík fór á landsmót AESKP í Vestmanneyjum í lok október. Börnin úr vinadeild og yngri deild KFUK í Keflavík og yngri deildum í Innri-Njarðvík fóru á hæfileikasýningu á Holtavegi í nóvember. Unglingadeildin í Keflavík tók þátt í miðnætúrþróttamóti KFUM og KFUK í nóvember í Vatnaskógi, þar sem fjöldi ungmenna kom saman og tók þátt í fjölbreyttri dagskrá. Árlegur jólamatur eldri leiðtoga en 20 ára var haldinn í janúar 2016 en þá er boðið til glæsilegrar máltíðar og kvöldstundar sem þakklætisvott fyrir starfið. Unglingadeildirnar í Keflavík og Grindavík sóttu æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi í febrúar, en það er landsmót unglingadeilda félagsins.

Leiðtogaferðir

Margrét Jóhanna stjórnarkona og Unnur Ýr æskulýðsfulltrúi fóru út til Basel í Sviss á ráðstefnu UNIFY á vegum KFUM og KFUK á Íslandi. Á ráðstefnunni var sérstök áhersla lögð á kristna trú innan KFUM og KFUK í heiminum.

Gjafir og styrkir

Stærstur hluti tekna KFUM og KFUK á Suðurnesjum kemur frá Reykjanesbæ samkvæmt samstarfssamningi við bæinn, en auk hans fékkst vænn styrkur frá Keflavíkursókn. Einnig koma styrkir frá ýmsum velunnurum starfsins. Þá er ótalinn hinn mikli styrkur sem felst í starfi sjálfbóðaliða sem koma að starfinu. Í tengslum við endurnýjun á sal félagsheimilisins að Hátúni 36 fékk félagið töluvert af styrkjum í formi efnis og vinnu.

Viðhald félagsheimilisins að Hátúni 36

Vorið 2015 ákvað stjórn félagsins að ráðast í endurnýjun á sal félagsheimilisins að Hátúni 36. Að loknum leikjanámskeiðum í júní var byrjað að fjarlægja gólf- og veggefni úr salnum. Botnplata í sal var fjarlægð og nýtt gólf steipt með góðri einangrun undir og hita í gólfi. Veggir voru strípaðir, einangraðir og klæddir. Gluggar voru endurnýjaðir og raflagnir voru að töluverðu leyti endurnýjaðar. Loft var tekið niður og sett upp aftur. Rennihurð var sett upp milli sals og innri hluta hússins. Verki lauk að mestu fyrri part september en gólfteppi og lokafrágangur kláraðist þó ekki fyrr en í febrúar 2016. Margir komu að verki og víða fengust hagstæð verð í efni og eða vinnu hjá iðnaðarmönnum. Þó var kostnaður við endurbæturnar um 2,5 milljónir sem er töluvert fyrir ekki stærra félag en KFUM og KFUK á Suðurnesjum. Verkið gekk þó í alla staði vel og við horfum spennt fram á að fara í þá viðhaldsvinnu sem eftir er í félagsheimilinu þannig að hægt sé að segja að endurnýjun þess sé lokið. Tíminn verður þó að leiða í ljós hvenær það skref verður tekið.

Verklokafagnaður

Til að þakka öllum þeim sem komu að framkvæmdum í húsinu í sjálfbóðavinnu buðum við þeim sem að verki komu sem sjálfbóðaliðar til verklokafagnaðar í lok febrúar. Þar voru sýndar myndir af öllu ferlinu, þakkað fyrir ósérhlífin störf og boðið upp á veitingar.

Lokaorð

Þetta hefur verið viðburðaríkt starfsár og þakklæti er okkur efst í huga. Guð hefur svo sannarlega gengið á undan okkur og vísað okkur farsæla leið. Við höfum verið mjög heppin með leiðtoga, sjálfbóðaliða og aðra velunnara og gott er að finna þennan góða meðbyr sem við höfum í bæjarfélaginu okkar. Mikilvægt er að hlúa áfram að starfinu frá öllum hliðum, styðja við leiðtoga og gefa þeim tækifæri til að blómstra og vaxa í trúnni. Það er okkar hlutverk og okkar framtíðarsýn.

*Hjá Guði einum hlýtur sál mín hvíld því að frá honum kemur von mín.
Hann einn er klettur minn og hjálpraði, vígi mitt, mér skrikar ekki fótur.
Hjá Guði er hjálpraði mitt og vegsemd, minn örugga klett og athvarf
mitt hef ég í Guði.*

Sálmur 62, 6–8

*Með bestu kveðju,
Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum*





Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)